



107. og 108. Alþjóðavinnnumálafingið

í Genf 2018–2019

Skýrsla félags- og barnamálaráðherra

Ásmundar Einars Daðasonar

til Alþingis

**Félagsmálaráðuneytið
janúar 2020**

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	4
2. 107. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 2018	7
2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA	7
2.2 KJÖRBRÉFANEFND	8
2.3 FJÁRMÁL	9
2.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA	10
2.5 ÞRÓUNARADSTOÐ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR	13
2.6 AÐGERÐIR GEGN ÁREITNI OG OFBELDI Á VINNUSTÖÐUM	14
2.7 FRAMKVÆMD YFIRLÝSINGAR UM GRUNDVALLARRÉTTINDI Í ATVINNULÍFINU	14
3. 108. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 2019	15
3.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA	15
3.2 HÁTÍÐARFUNDIR Í TILFNI AF ALDARAFMÆLI ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR	16
3.3 KJÖRBRÉFANEFND	18
3.4 FJÁRMÁL	19
3.5 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA	20
3.6 AÐGERÐIR GEGN ÁREITNI OG OFBELDI	21
3.7 YFIRLÝSING Í TILFNI AF ALDARAFMÆLI ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR	22
3.8 PALLBORÐSUMRÆÐUR UM AFMÖRKUÐ SVIÐ FÉLAGS- OG VINNUMÁLA	24
4. Ráðstefna sem haldin var í Hörpu 4. og 5. apríl 2019 í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar	24
Undirbúningur	24
Fylgiskjal I	27
BREYTINGAR FRÁ 2018 Á SAMÞYKKT NR. 186, UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA, 2006 (MLC)	27
Fylgiskjal II	29
Fylgiskjal III	37
Fylgiskjal IV	43
Yfirlýsing 108. Alþjóðavinnumálapingsins í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar	43
Alþjóðavinnumálapingið, sem kom saman í Genf á 108. þingi sínu í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)	43

Fylgiskjal V.....	51
Ávarp Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og jafnréttismálaráðherra, á 107. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf 1. júní 2018	51
Fylgiskjal VI	53
Ræða félags- og barnamálaráðherra, Ásmundar Einars Daðasonar, við opnun ráðstefnu um framtíðarskipan vinnunnar og breytingar á vinnumarkaði sem haldin var í Hörpu 4. og 5. apríl 2019.....	53
Fylgiskjal VII.....	56
Ræða fulltrúa ríkisstjórnar Íslands á 108. Alþjóðavinnuálagþinginu 2019	56
Fylgiskjal VIII.....	58
Skýrsla um starf samstarfsnefndar um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) á árunum 2018 og 2019	58
Fylgiskjal IX	65
Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnuálagþingunum 1945-2019	65
Fylgiskjal X.....	74
Samþykktir Alþjóðavinnuálagþingsins 1919-2019	74
Fylgiskjal XI	81
Dagskrá ráðstefnu í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um framtíðarskipan vinnunnar og breytingar á vinnumarkaði haldin í Hörpu dagana 4. og 5. apríl 2019	81

Skýrsla
félags- og barnamálaráðherra, Ásmundar Einars Daðasonar, til Alþingis
um þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO)
sem haldin voru á árunum 2018 og 2019.

(Lögd fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2020.)

1. INNGANGUR

Frá stofnun íslenska lýðveldisins hefur erlent samstarf stjórnvalda á sviði félags- og vinnumála vaxið mikið að umfangi. Þar vegur þyngst þátttaka í samstarfi Norðurlandanna og samvinna við aðildarríki Evrópuráðsins sem hófst á sjötta áratug síðustu aldar. Aðild að alþjóðlegu félagsmálasamstarfi hófst áratug fyrir eða árið 1945 þegar umsókn Íslands að Alþjóðavinnuálastofnuninni var samþykkt á Alþjóðavinnuálaþinginu sem haldið var í París. Í öllum fastastofnunum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar eiga sæti fulltrúar atvinnurekenda, launafólks og ríkisstjórna. Samstarf þessara þriggja aðila er einstætt fyrir stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna og eitt af grundvallaratriðum í starfsemi.

Saga Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er orðin bæði löng og merk. Til hennar var stofnað þegar Evrópa var í sárum eftir þá helför sem fyrri heimsstyrjöldin leiddi af sér. Milljónir manna féllu og borgir voru meira og minna múrsteinshrúgur, einkum þar sem blóðugustu og hörðustu átökin höfðu átt sér stað. „Aldrei aftur“ bergmálaði úr öllum heimshornum. Fulltrúar stríðsaðila settust niður í Versalahöll fyrir utan París til að mæta þessu ákalli. Innan ramma friðarsamninganna var sett á laggirnar nefnd sem falið var að fjalla um alþjóðlegt samstarf á sviði félags- og vinnumála. Að loknu tíu vikna starfi afgreiddi þessi nefnd skjal er byggt var á breskum drögum, sem 11. apríl 1919 varð að XIII. kafla Versalásáttmálans en hann var undirritaður 28. júní 2019. Í kaflanum er kveðið á um það að komið skuli á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og aðeins verði sigruð með sameiginlegu félagslegu átaki þjóðanna. Sérstaklega er tekið fram að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna. Óréttlæti valdi árekstrum sem leiði til styrjalda þjóða í milli. Í því skyni að koma á félagslegu réttlæti við stofnunin að sér upplýsingum um atvinnuálag og ástand í félagsmálum, ákveði lágmarkskröfur og samræmi þær í hverju landi. Þessi kafla Versalásamningsins er kjarninn í stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (International Labour Organization – ILO). Síðan er liðin ein öld.

Á afmælisári Alþjóðvinnuálastofnunarinnar, árið 2019, var þess minnst með margvíslegum hætti að stofnunin varð aldargömul. Litið var til hinna 190 samþykktu og rúmlega 200 tilmæla sem Alþjóðavinnuálaþingið hefur afgreitt á aldarlögum starfsferli stofnunarinnar og kannað hvort og hver áhrifin hafa orðið. Ekki fer á milli mála að sumt hefur gengið miður en margt hefur áunnist. Langflest ríki hafa ákvæði í lögum sem tryggja réttinn til að stofna félög til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum. Sama gildir um réttinn til að semja um kaup og kjör. Bylting hefur orðið varðandi skilning á því að starfsmenn verði ekki fyrir heilsutjóni við vinnu sína og að starfsumhverfið sé öruggt. Mikill árangur hefur náðst í því að jafna kjör karla og kvenna þótt víða sé enn pottur brotinn á því sviði. Hugarfarsbreyting hefur átt sér stað að því er varðar vinnu barna. Fjöldi fullgildinga aðildarríkjanna á samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd er til vitnis um þetta. Þörf fyrir lágmarks almannatryggingar er viðurkennd.

Til að undirbúa aldarafmælið var því beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna að efna til umræðna um eftirfarandi þætti sem gætu orðið innlegg í stefnumótun fyrir starfsemi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í nánustu framtíð: Þróun atvinnulífsins og samfélagsins, atvinnusköpun – einnig í þágu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, breytingar á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni, samskipti atvinnurekenda og launafólks o.fl. Ríkisstjórnir Norðurlandanna, í samvinnu við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, Alþjóðavinnuálastofnunina og samtök aðila vinnumarkaðarins, stofnuðu til samstarfsverkefnis af þessu tilefni. Haustið 2017 hófst rannsóknarverkefni sem beinist að breytingum á skipulagi vinnunnar og áhrifum þeirra á norræna vinnumarkaðslíkanið. Enn fremur er sjónum beint að því með hvaða hætti hægt væri að hafa áhrif á framvinduna þannig að sá samfélagslegi árangur sem Norðurlöndin hafa náð á sviði félags- og vinnuálgátist ekki. Frá árinu 2016 hafa árlega verið haldnar ráðstefnur um framtíð vinnunnar sem fylgt hafa formennsku í norrænu ráðherranefndinni þar sem tekin hafa verið fyrir afmörkuð verkefni á framangreindum málefna sviðum. Fyrsta ráðstefnan var haldin í Finnlandi árið 2016, önnur í Noregi árið 2017 og sú þriðja í Svíþjóð vorið 2018. Lokaráðstefnan var haldin í Hörpu 4. og 5. apríl 2019. Gerð er sérstök grein fyrir þeirri ráðstefnu í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir.

Samkvæmt 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar ber stjórnvöldum aðildarríkjanna að leggja fyrir löggjafarsamkomuna samþykktir og tilmæli sem Alþjóðavinnuálgátist hefur afgreitt. Á Íslandi hefur þessu ákvæði verið framfylgt með því að félagsmálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi skýrslu um vinnuálgátist. Á því tímabili sem skýrslan tekur til hafa verið samþykktar verklagsreglur af samstarfsnefnd félagsmálaráðuneytisins og helstu samtaka aðilda vinnumarkaðarins um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um það hvernig haga beri undirbúningi fyrir fullgildingu samþykktar. Samþykktirnar og tilmælin hafa verið fylgiskjöl með skýrslum ráðherra til Alþingis um Alþjóðavinnuálgátist. Samkvæmt verklagsreglunum skal fylgja tillaga ráðherra um það hvort samþykkt skuli fullgilt, ekki fullgilt eða fullgildingu frestað. Í þeirri skýrslu sem hér er lögð fyrir Alþingi er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum 107. og 108. Alþjóðavinnuálgátistanna, sem haldin voru á árunum 2018 og 2019.

Auk reglubundinnar umfjöllunar um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum á sviði félags- og vinnuálgátist var helsta viðfangsefni 107. Alþjóðavinnuálgátistanna fyrri umræða um tillögu að nýrri alþjóðasamþykkt og tilmælum um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni. Á þinginu kom í ljós djúpstæður ágreiningur á milli aðildarríkjanna til málsins. Að hluta til endurspeglaði hann ólík viðhorf til stöðu kynjanna í samfélaginu en ekki síður til kynferðisvitundar. Af þessu leiddi að ekki tókst að ná samstöðu um orðalag á fyrstu greinum væntanlegrar samþykktar um gildissviðið þrátt fyrir tímafrekar umræður. Það féll því í hlut 108. þingsins að leysa þann vanda eins og síðar verður komið að.

107. Alþjóðavinnuálgátist afgreiddi tillögur um tiltekna breytingar á samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna. Þær fela í sér réttarbætur til handa farmönnum sem haldið eru fongnum um borð í skipi eða utan skips í tengslum við sjórán eða vopnuð sjórán sem beinast gegn skipum. Með breytingunni er lagt fyrir aðildarríkin að tryggja að farmaður haldi launum og öðrum samningsbundnum réttindum á því tímabili sem frelsissviptingin varir. Í þessu sambandi skal þess getið að félags- og barnamálaráðherra afhenti forstjóra Alþjóðavinnuálastofnunarinnar skjal til staðfestingar á fullgildingu Íslands á alþjóðasamþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, frá árinu 2006. Afhendingin fór fram við hátíðlega athöfn í tengslum við ráðstefnu í Hörpu dagana 4. og 5. apríl 2019.

Um er að ræða umfangsmestu samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem hefur að geyma ákvæði um lágmarksréttindi að því er varðar aldur farmanna, vinnutíma, hvíldartíma, aðbúnað, fæði, vistarverur og hollustuhætti um boð í skipum, öðrum en fiskiskipum. Ítarleg ákvæði eru um skyldur fánaríkja og hafnarríkja hvað varðar skoðun og eftirlit með starfsskilyrðum og lífskjörum farmanna um borð. Samþykktin leysti af hólmi 68 eldri alþjóðasamþykktir um málefni farmanna sem höfðu verið afgreiddar á Alþjóðavinnuálagningum, en sú elsta var frá árinu 1920.

Á 108. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar árið 2019 fór fram síðari umræða um tillögu að alþjóðasamþykkt og tilmælum um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni. Eftir mjög tímafrekar umræður tókst góð samstaða í þingnefndinni sem hélt til loka þingsins. Tillaga að samþykkt og tilmælum naut víðtæks stuðning þingfulltrúa. Gildi þessara gerða felst í því að með þeim er lagður grunnur að aðgerðum til að skapa vinnuumhverfi sem byggist á virðingu fyrir mannlegri reisn og er laust við hvers konar ofbeldi og einelti. Samráðsnefnd ráðuneytisins og samtaka aðila vinnumarkaðarins um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar var falið að fjalla um fullgildingu Íslands á samþykkt ILO nr. 190. Ákveðið var að setja tillögu um fullgildingu í Samráðsgátt stjórnvalda. Allir aðilar sem hafa tjáð sig um tillöguna hafa mælt með fullgildingu samþykktarinnar. Samráðsnefndin hefur vakið á því athygli að fullgilding samþykktarinnar gæti kallað á laga- og/eða reglugerðarbreytingar á gildandi regluverki. Hún leggur til að lögð verði fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda samþykkt nr. 190. Tillaga um þetta efni verður lögð fyrir Alþingi.

Í þingnefnd um framkvæmd aðildarríkjana á fullgiltum samþykktum var fjallað um 24 mál sem meðal annars sérfræðinganefnd stofnunar hafði mælt með að yrðu tekin til umfjöllunar. Eitt þessara mála vakti sérstaka athygli. Það snerti framkvæmd Tyrklands á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Það mál varð tilefni til harðra umræðna í nefndinni. Fulltrúar launafólks voru mjög gagnrýnir á ástandið í landinu og röktu mörg dæmi um það hvernig stjórnvöld kæmu í veg fyrir starfsemi stéttarféлага sem væru þeim ekki að skapi. Einnig var rakið hvernig tugir þúsunda höfðu verið hneppt í varðhald vegna upplogna fullyrðinga um stuðning við misheppnað valdarán fyrir nokkrum árum síðan.

108. þingið afgreiddi yfirlýsingu í tilefni af 100 ára afmæli Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Í aðfaraorðum er vísað til þess að afmæliþingið sé haldið á tímum þar sem vinnuumhverfið dregur dóm af tækninýjungum, breytingum á lýðfræðilegri þróun sem og umhverfis- og loftlagsbreytingum. Á sama tíma blasi við viðvarandi misrétti sem hafi áhrif á framtíðarskipan vinnunnar og hlutverk launafólks og mannlegra reisn í því sambandi. Lögð er áhersla á að Alþjóðavinnuálastofnunin þurfi ótrauð að standa fast við umboð sitt sem felst í aðgerðum fyrir félagslegu réttlæti. Endurbæta þurfi starfshætti sem setji í fyrirrúm réttindi launafólks og þarfir og væntingar við mótun stefnu í efnahags-, félags- og umhverfismálum.

Aldarafmælis Alþjóðavinnuálastofnunarinnar var minnst með margvíslegum hætti á 108. Alþjóðavinnuálagningu. Haldnir voru fjórir sérstakir hátíðafundir af þessu tilefni. Á þeim fluttu ávörp fjölmargir þjóðarleiðtogar og forystumenn í félags- og vinnuálagningum í heiminum. Þeirra á meðal voru forsætisráðherra Noregs, Erna Solberg og forsætisráðherra Svía, Stefan Löfven. Til viðbótar má nefna kanslara Þýskalands, Angelu Merkel, forseta Frakklands, Emmanuel Macron, forseta Ítalíu, Sergio Metterella, forsætisráðherra Bretlands, Theresu May, forsætisráðherra Lúxemborgar, Xavier Bettel og forsætisráðherra Rússlands, Dimitry Medvedev. Frá Suður-Afríku kom forseti landsins, Cyril Ramphosa. Einnig fluttu ávörp fulltrúar heimssamtaka aðila vinnumarkaðarins þau Sharon Burrow, aðalframkvæmdastjóri Alþjóðasambands verkalýðsfélaga og Roberto Suarez Santos, aðalframkvæmdastjóri Alþjóðasambands atvinnurekenda.

Aldarafmælis Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar var ekki einungis minnst í Genf á 108. Alþjóðavinnuálagþinginu. Fjölmargar ráðstefnur voru haldnar á árinu 2019 af þessu tilefni víðsvegar um heim, þar á meðal á Íslandi. Dagana 4. og 5. apríl 2019 var haldin í Hörpu ráðstefna undir yfirskriftinni: „Framtíðarskipan vinnunnar og breytingar á vinnumarkaði“. Ráðstefnan var liður í samstarfsverkefni norrænu ríkisstjórnanna, samtaka aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum, skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Forstjóri stofnunarinnar, Guy Ryder, ávarpaði ráðstefnuna. Þetta var í fyrsta skipti sem forstjóri Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar sótti Ísland heim. Fjöldi sérfræðinga innlendra sem erlendra flutti erindi á ráðstefnunni sem þótti takast með miklum ágætum. Samtals sóttu hana um 350 fulltrúar.

2. 107. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 2018

2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Þing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO), Alþjóðavinnuálagþingið hið 107. í röðinni, var formlega sett í Genf að morgni mánudagsins 28. maí og slitið föstudaginn, 8. júní 2018. Þingið fór að stærstum hluta fram í Þjóðabandalagshöllinni en eins og nokkur undanfarin ár fóru fundir fjölmennustu nefndarinnar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu og tilmæla, fram í byggingu Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

Samkvæmt skýrslu kjörbréfanefndar þingsins tóku samtals þátt í þinginu tæplega 5.238 þingfulltrúar. Til samanburðar má geta þess að árið áður voru þingfulltrúar 4.569 og 5.912 árið 2015. Hér er átt við þingfulltrúa sem komu til þingsins. Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar ber aðildarríki, sem ákveður að taka þátt í þinginu, að senda til þess sendinefnd sem skipuð er a.m.k. fjórum fulltrúum. Til viðbótar má senda ráðgjafa. Um fjölda þeirra gilda sérstakar reglur. Að lágmarki á sendinefnd að vera skipuð fulltrúa samtaka atvinnurekenda og fulltrúa launafólks auk tveggja fulltrúa hlutaðeigandi ríkisstjórnar.

Forseti þingsins var kjörinn Samir Murad, vinnumálaherra Jórdaníu. Þau óvenjulegu tíðindi gerðust að konungur Jórdaníu setti ríkisstjórnina af um miðbik þingtímans. Í framhaldi af því sagði þingforsetinn af sér. Sendiherra Jórdaníu gagnvart alþjóðastofnunum í Genf, Saja Almajali, tók við þingforsetaembættinu og gegndi því til loka þingsins. Varaforsetar voru kjörnir: Úr hópi fulltrúa ríkisstjórna: Jean-Jacques Elmiger, sendiherra Sviss gagnvart alþjóðastofnunum í Genf. Úr hópi atvinnurekenda: Khalifa Khamis Mattar, fulltrúi í verslunar- og iðnaðarráði U.A.F. í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Úr hópi launafólks: Akiko Gono, ráðgjafi í alþjóðamálum hjá JTUC-Rengo í Japan.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir: Frá velferðarráðuneytinu: Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri, Arnar Þór Sævarsson, aðstoðarmaður ráðherra, Eva Margrét Kristinsdóttir sérfræðingur og Gylfi Kristinsson sérfræðingur. Frá utanríkisráðuneytinu: Harald Aspelund sendiherra, Andri Júlíusson sendiráðunautur, Nína Björg Jónsdóttir sendifulltrúi og Edda Björk Ragnarsdóttir sendiráðsritari. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins starfa í fastanefnd Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf. Kristín Þóra Harðardóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins (SA), var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda. Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ), var fulltrúi íslensks launafólks. Varamaður hans var Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

- I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.
- II. Framkvæmd fjárhags- og framkvæmdaáætlunar fyrir árin 2018-2019.
- III. Framkvæmd alþjóðasamþykktta og tilmæla.
- IV. Samskipti ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins (almenn umræða).
- V. Aðgerðir gegn áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (fyrri umræða).
- VI. Afnáam samþykktta.

Á undanförunum árum hefur markvisst verið unnið að því að stytta Alþjóðavinnumálaþingið. Að þessu sinni stóð það í tvær vikur. Á nokkrum árum hefur þingið verið stytt um eina og hálfu viku. Markmiðið er að auka skilvirkni og spara fjármuni. Þetta hefur meðal annars verið gert með styttingu ræðutíma, betra skipulagi á fundarstörfum og rafrænni atkvæðagreiðslu. Almennar umræður um skýrslu stjórnarnefndar og forstjóra hafa verið dregnar saman og fara fram síðustu þingvikuna. Stytting þingsins hefur kallað á óformleg fundahöld í aðdraganda þess. Fyrir þingsetningu er tveimur til þremur dögum varið til undirbúningsfunda. Á þeim er leitað samkomulags um skipan trúnaðarstarfa á þinginu og kosnir fulltrúar hópanna gagnvart starfsfólki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á undirbúningsfundunum er einnig gengið frá tilnefningum fulltrúa til setu í nefndum. Samþykkt var stofnun eftirtalinnna þingnefnda: Fjárhagsnefndar, nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktta og tilmæla, nefndar um samskipti ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins, nefndar um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi á vinnustöðum, kjörbréfanefndar og nefndar um framvindu þingsins.

Fyrir því er löng hefð að forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf, fyrir hönd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, bjóði til Alþjóðavinnumálaþingsins þjóðarleiðtogum og brautryðjendum á sviði félags- og mannréttindamála. Gestir forstjórans að þessu sinni voru Michael O'Higgins, forseti Írlands, Faustin Archange Touadéra, forseti Mið-Afríkulýðveldisins, og Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu. Allir þrír forsetarnir lögðu áherslu á mannsæmandi vinnuskilyrði sem leið til að stuðla að friði og félagslegu réttlæti. Hinn 4. júní 2018 ávarpaði Kailash Satyrthi, friðarverðlaunahafi Nobels, samkomu sem haldin var í tilefni af því að liðin voru tuttugu ár frá heimgöngunni gegn vinnu barna. Við sama tækifæri var þess minnst að einnig voru liðin 20 ár frá afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins á yfirlýsingunni um grundvallarréttindi í atvinnulífni.

2.2 KJÖRBRÉFANEFND

Kjörbréfanefnd er ein af fastanefndum Alþjóðavinnumálaþingsins. Hlutverk hennar er að fylgjast með því að aðildarríkin fylgi ákvæðum í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skipan sendinefnda á þinginu. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarríki að senda að lágmarki sendinefnd fjögurra fulltrúa til þingsins. Tveir þeirra eru fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar, einn fulltrúi helstu samtaka atvinnurekenda og einn fulltrúi helstu samtaka launafólks. Heimilt er að skrá ráðgjafa til þátttöku á þinginu. Reglur um það efni er að finna í 2. mgr. 3. gr. Þar segir meðal annars að sérhver þingfulltrúi geti notið aðstoðar allt að tveggja ráðgjafa fyrir hvert málefni á dagskrá þingsins. Af þessu ákvæði leiddi að á 107. Alþjóðavinnumálaþinginu hafði sérhver þingfulltrúi heimild til að taka með sér allt að sex ráðgjafa. Skylt er að hafa samráð við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks við val á fulltrúum þeirra í sendinefndinni.

Í kjörbréfanefnd eru kjörnir þrír fulltrúar. Fulltrúi ríkisstjórna gegnir formennsku. Að þessu sinni voru eftirtaldir aðilar kjörnir til setu í nefndinni: Michael Hobby, fulltrúi ríkisstjórnar Nýja-Sjálands, formaður. Fernando Yllanes Martínez, fulltrúi atvinnurekenda í Mexíkó, og Jens Erik Ohrt, fulltrúi launafólks í Danmörku.

Kjörbréfanefndin fjallaði á þinginu um 40 mál eða fjórum fleiri en á 106. þinginu. Af þeim voru þrjú eftirlitsmál, 27 athugasemdir og 10 kvartanir. Fimm af athugasemdum snerust um ófullburða sendinefndir en flestar voru vegna skorts á samráði eða samkomulagi um val á fulltrúum í sendinefndir aðildarríkja á þinginu. Kjörbréfanefndin telur það sérstaklega alvarlegt ef sendinefndir eru einungis skipaðar fulltrúum stjórnvalda og án fulltrúa aðila vinnumarkaðarins.

Nefndin nefndi sérstaklega tvö mál til sögunar sem hún taldi alvarleg. Annað fjallaði um Bólivíu, hitt um hinn sérkennilega málarekstur kjörbréfanefndarinnar gagnvart stjórnvöldum í Pálmamottulandi (Djíbútí). Staldráð er við þetta mál þar sem áður hefur verið gerð fyrir því í fyrri skýrslum um Alþjóðavinnuumálaþingið. Þessi málarekstur hefur staðið í rúman áratug, eða frá árinu 2006, og er farinn að vekja nokkra furðu. Það ár komu fram athugasemdir við val á þingfulltrúum aðila vinnumarkaðarins í Pálmamottulandi. Áður hefur komið fram að kjörbréfanefndin hefur ítrekað óskað eftir því við ríkisstjórnina að hún skili greinargerð um það hvernig staðið sé að vali fulltrúanna. Hafi ríkisstjórnin svarað hefur það annaðhvort verið ófullkomið, komið of seint eða verið út í hött. Þetta sérkennilega stríð var háð undir sömu formerkjum og áður. Kjörbréfanefndin hefur lagt eftirfarandi fyrir ríkisstjórnina samtímis því að hún sendi kjörbréf fyrir sendinefnd landsins á þinginu:

- a. upplýsingar um reglur sem hafi verið settar sem tryggi að val fulltrúa launafólks lúti grundvallarreglum um félagafrelsi og
- b. upplýsingar um ferli sem fylgt er við útnefningu fulltrúa launafólks og ráðgjafa þess þar sem fram komi við hvaða samtök hafi verið haft samráð í samræmi við settar reglur, félagatölu þeirra og mikilvægi, dagsetningu og stað sem samráðið hafi átt sér stað, nöfn þeirra einstaklinga sem hafi verið tilnefndir og stöðu þeirra innan hlutaðeigandi samtaka.

Kjörbréf sendinefndar Pálmamottulands barst 6. maí 2018. Móttaka var staðfest 7. maí 2018 og jafnframt minnt á hert eftirlit með vali fulltrúa í sendinefndina sem samþykkt var árið 2015 og skyldu ríkisstjórnarinnar að leggja fram skýrslu um valið. Þetta var ítrekað 24. maí 2018. Hinn 30. maí 2018 barst skrifstofu þingsins stutt skýrsla dagsett 27. maí 2018.

Niðurstaða kjörbréfanefndarinnar var að harma að skýrsla ríkisstjórnarinnar hafi ekki borist samtímis kjörbréfum fulltrúa í sendinefndinni. Hún lýsti óánægju með að skýrslan væri að stórum hluta samhljóða fyrri skýrslum og að ljóst væri að enginn árangur hafi náðst í endurbæta löggjöf sem kveður á um val fulltrúa í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnuumálaþinginu. Nefndin mælti með því við alþjóðavinnuumála-skrifstofuna að hún veiti stjórnvöldum sérfræðiaðstoð við að koma aðstæðum í það horf sem samræmist alþjóðareglum um þetta efni.

Eftirfarandi eru slóðir að skýrslum nefndarinnar til allsherjarþingsins:

https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_631801.pdf

og

https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_632455.pdf

2.3 FJÁRMÁL

Fjárhagsnefnd Alþjóðavinnuumálaþingsins er eina nefnd Alþjóðavinnuumálaþingsins þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna. Á því er ein undantekning. Hin síðari ár hefur einum talsmanni atvinnurekenda og einum talsmanni launafólks verið boðið að taka þátt og fylgjast með almennum umræðum í þingnefndinni. Eins og

nafnið gefur til kynna fjallar nefndin um fjármál og starfsáætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Starfs- og fjárhagsáætlun er til tveggja ára í senn. Af því leiðir að nefndin fjallar annað hvert ár um tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun. Hitt árið fjallar nefndin um framkvæmd gildandi starfs- og fjárhagsáætlunar.

Formaður nefndarinnar var kosinn Negash Kebret Botorá, sendiherra Eþíópíu. Varaformaður Byeong Hee Kwon frá Suður-Kóreu. Áheyrnarfulltrúi atvinnurekenda var Mthuni-Perry Mason Mdwabe frá Suður-Afríku og áheyrnarfulltrúi launafólks Luc Cortebeeck frá Belgíu.

Að þessu sinni fjallaði nefndin um framkvæmd gildandi starfs- og fjárhagsáætlunar. Nefndarstarfið var því að þessu sinni fremur átakalítið. Fulltrúi forstjóra stofnunarinnar gaf nefndinni skýrslu um greiðslu árgjalda aðildarríkjanna. Nefndin afgreiddi til allsherjarþingsins tillögu um framlag aðildarríkjanna til stofnunarinnar á árinu 2019. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að framlögin nemi samtals 369.310.447 svissneskum frönkum. Hlutfall Íslands í framlaginu er óbreytt frá fyrra ári eða 0,023 hundraðshlutar. Það jafngildir 84.159 svissneskum frönkum. Sú upphæð er að frádregnum afslætti vegna skilvísrar greiðslu á árgjaldinu 2018.

2.4 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Í samræmi við 7. grein þingskapa Alþjóðavinnu- og atvinnuleysisáætlunarinnar var sett á stofn þingnefnd sem fjallaði um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum Alþjóðavinnu- og atvinnuleysisáætlunarinnar. Að þessu sinni var hún skipuð 228 fulltrúum: 115 ríkisstjórnarfulltrúum, 8 fulltrúum atvinnurekenda og 105 fulltrúum launafólks. Í nefndinni sátu að auki 258 varafulltrúar: Ellefu fulltrúar ríkisstjórna, 81 fulltrúi atvinnurekenda og 166 fulltrúar launafólks. Þar til viðbótar sátu fundi nefndarinnar 33 fulltrúar alþjóðasamtaka. Fundi nefndarinnar sátu því iðulega rúmlega 500 manns og var oft þröngt í fundarsalum.

Nefndin hélt 17 fundi yfir þingtímann.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum sem þau hafa fullgilt. Nefndin byggir starf sitt á samantekt sérfræðinganevndar ILO á skýrslum aðildarríkjanna um framkvæmd á alþjóðasamþykktum sem þau hafa fullgilt. Dagskrá þingnefndarinnar ákvarðast af skrá yfir mál sem fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks á Alþjóðavinnu- og atvinnuleysisáætluninni velja úr niðurstöðum sérfræðinganna. Alla jafna eru um 24 mál á skránni og telst nefndin ekki hafa lokið störfum fyrr en þau hafa öll verið tekin til umfjöllunar. Fyrst og fremst er um að ræða mál sem snerta meint brot á samþykktum Alþjóðavinnu- og atvinnuleysisáætlunarinnar. Það er þó ekki algild regla. Fyrir nokkrum árum var tekin upp sú nýbreytni að taka til umfjöllunar í nefndinni framkvæmd á alþjóðasamþykkt sem gæti orðið öðrum aðildarríkjum til eftirbreytni. Fyrirkomulagið er þannig að fyrst tekur til máls talsmaður hlutaðeigandi ríkisstjórnar og síðan er mælendaskrá opnuð fyrir þeim þingfulltrúum sem vilja tjá sig um það málefni sem er til umfjöllunar.

Nefndin kaus Rorix Núnes Morales, fulltrúa ríkisstjórnar Panama, sem formann. Varaformenn voru kosnir Sonja Regenbogen, fulltrúi atvinnurekenda í Kanada, og Marc Leemans, fulltrúi launafólks í Belgíu. Patrick Rochford, fulltrúi ríkisstjórnar Írlands, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Fram kom ágreiningur við kjör formanns nefndarinnar. Fulltrúi ríkisstjórnar Venesúela kvaðst ekki geta stutt framboð fulltrúa ríkisstjórnar Panama í embætti nefndarformanns þar sem ekki rétti eining í hópi Ameríkúríkja um framboðið. Ástæðan væri sú að ríkisstjórn Panama hafi tekið þá afstöðu að leggjast gegn framboði fulltrúa ríkisstjórnar Venesúela í nefndir og ráð á vettvangi Ameríkúríkja. Um þetta spunnust nokkur orðaskipti við formannskjörið. Af

Íslands hálfu tók Eva Margrét Kristinsdóttir og Gylfi Kristinsson þátt í störfum nefndarinnar.

Starfshættir nefndarinnar eru þannig að fyrst er almenn umræða um skýrslu sérfræðinganefnar Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar um framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum og tilmælum ILO. Síðan taka við umræður um yfirlitsskýrslur. Að þeim loknum er farið yfir mál sem snerta skýrslugjöf aðildarríkjanna til alþjóðavinnuáskrifstofunnar í Genf og til löggjafarsamkomu hlutaðeigandi aðildarríkis. Meginverkefni nefndarinnar felst í að fara yfir skrá þeirra u.þ.b. 24 mála sem tengjast framkvæmd aðildarríkjanna á samþykktum ILO. Að þessu sinni voru málin 23. Eins og áður segir verður þessi skrá til í viðræðum fulltrúa atvinnurekenda og launafólks.

Starf þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu hófst með almennum umræðum um skýrslur framkvæmd alþjóðasamþykktu og tilmæla sem óskað var eftir frá aðildarríkjunum á grundvelli 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar. Um var að ræða eftirtaldar samþykktir og tilmæli:

- Samþykkt nr. 1, um takmörkun vinnutíma.
- Samþykkt nr. 14, um vikulegan hvíldartíma.
- Samþykkt nr. 30, um eftirlit með vinnutíma við verslun og skrifstofustörf.
- Samþykkt nr. 47, um fækkun vinnustunda í 40 á viku.
- Bókun við samþykkt nr. 89, um næturvinnu kvenna.
- Samþykkt nr. 106, um vikulega hvíldardaga í verslunum og skrifstofum.
- Samþykkt nr. 132, um árlegt orlof með launum.
- Samþykkt nr. 171, um næturvinnu.
- Samþykkt nr. 175, um réttindi þeirra sem vinna hlutastörf.

Samtals höfðu 124 aðildarríki tekið saman skýrslur um framkvæmd samþykktu og var Ísland í þeim hópi. Þess skal getið að íslensk stjórnvöld hafa ekki fullgilt þessar samþykktir.

Í umræðum kom fram að margt hafði þokast til betri vegar varðandi lengd vinnutíma. Löggjöf margra aðildarríkja væri í samræmi við samþykktir Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar um lengd vinnutíma, vikulegan hvíldartíma og árlegt orlof með launum. Fram kom að aðildarríki höfðu gert átak í að hvetja til og setja reglur um hlutastörf. Þó væri ýmislegt sem betur mætti fara. Nefnt var áhrif langs vinnutíma á heilsu og vellíðan starfsmanna. Fulltrúar bæði atvinnurekenda og launafólks sem og fulltrúar nokkra ríkisstjórna lögðu áherslu á gildi þess að taka vinnutíma til umfjöllunar í ljósi breyttra og fyrirsjáanlegra breytinga á atvinnuháttum.

Fastur liður í starfi nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu er að taka til umfjöllunar alvarlegar vanefndir tiltekinna aðildarríkja á skyldum samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnuáskrifstofnunarinnar. Þessar skyldur eru fyrst og fremst tvenns konar: Aðildarríki ber að kynna fyrir löggjafarsamkomu gerðir sem afgreiddar eru á Alþjóðavinnuáskrifstofnuninni innan árs og í síðasta lagi innan 18 mánaða frá þingslitum. Enn fremur ber aðildarríkjum skylda til að gefa stofnuninni reglulega skýrslur um framkvæmd þeirra samþykktu sem þau hafa fullgilt. Þau aðildarríki sem höfðu vanrækt fyrri skylduna voru: Aserbaidsjan, Bahamaeyjar, Barein, Belí, Filabeinsströndin, Dóminíska lýðveldið, El Salvador, Miðbaugs-Gínea, Gínea, Haítí, Írak, Jamaíka, Kasakstan, Kirgisistan, Kiribati, Kómoréyjar, Kúveit, Líbía, Pakistan, Papúa Nýja-Gínea, Rúanda, Sankti Lúsía, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Vinsent og Grenadínur, Samóaeyjar, Salómonseyjar, Síerra Leóne, Sómalía, Sýrland og Vanúatú. Eftirtalin aðildarríki höfðu ekki tekið saman skýrslur um framkvæmd fullgiltru samþykktu í tvö ár eða lengur: Cookeyjar, Dóminíska lýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Gambía, Gínea-Bissá, Haítí, Malasía, Salómonseyjar, Sómalía, Tímor-Lest og Vanúatú.

Stærsti hluti nefndarstarfsins fer í umræður um framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum samþykktum. Fjöldi mála á áðurnefndri skrá ræðst af samkomulagi fulltrúa aðila vinnumarkaðarins. Á skránni voru eins og áður sagði 23 aðildarríki. Flest málanna fólust í brotum á grundvallarsamþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Tíu vörðuðu brot á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi, og fimm brot á samþykkt nr. 98, um samningafrelsi. Ekki er færi á að gera grein fyrir nema nokkrum þeirra mála sem voru tekin til umfjöllunar í þingnefndinni.

Sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gagnrýndi í skýrslu sinni til Alþjóðavinnumálaþingsins stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi fyrir framkvæmd á alþjóðasamþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu. Þetta var málefni sem hafði nokkrum sinnum áður komið til umfjöllunar í nefndinni um framkvæmd alþjóðsamþykkt. Það lýtur að ákvæðum í löggjöf landsins um skylduvinnu. Þeir sem hafa unnið minna en 183 daga á undangengnu ári og hafa þar af leiðandi ekki greitt tekjuskatt af þeim tíma sem vantar upp á eru skyldaðir til að greiða sérstakt gjald til að standa straum af útgjöldum ríkisins. Greiðslufall eða hlutagreiðsla af gjaldinu leiðir til stjórnvaldsviðurlaga sem geta verið sektir eða kvöð um samfélagþjónustu. Þetta gildir jafnvel um foreldra sem ekki geta séð börnum sínum farborða, áfengissjúklinga og aðra fíkla. Rök talsmanna ríkisstjórnarinnar eru þau að lögin stuðli að því að þeir sem hafi tileinkað sér andfélagslega lífshætti sjái að sér með vinnu og snúi baki við villu síns vegar.

Talsmenn launafólks gagnrýndu harðlega stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi en talsmenn atvinnurekenda töldu að málið fjallaði einungis að hluta til um aðgerðir á sviði félagsmála. Ýmsir talsmenn ríkisstjórna vöktu athygli á því að nauðungarvinna væri fyrirbrigði sem væri fast í sessi í Hvíta-Rússlandi og hvöttu stjórnvöld til að leita aðstoðar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar við að leysa þennan vanda.

Í niðurstöðum nefndarinnar er lögð áhersla á að ríkisstjórn Hvíta-Rússlands haldi áfram að grípa til aðgerða sem miði að afnámi nauðungarvinnu.

Brasíla komst á dagskrá þingnefndarinnar vegna framkvæmdar á samþykkt nr. 98, um samningafrelsi. Umræður um málið voru harðar og ljóst að stjórn málaátök áttu sinn þátt í því. Ekki voru allir sáttir við það þegar brasilíska þingið setti af sósíalístan Dilmu Rousseff sem forseta landsins og Michel Temer tók við því embætti. Fulltrúar margra samtaka launafólks litu á þessa gjörð sem stjórnarbyltingu. Talsmenn þeirra lýstu áhyggjum yfir setningu laga sem undanskildi tiltekna hópa launafólks samningsrétti um kaup og kjör. Lögin voru sett vafningalaust og án alls samráðs. Lögin væru til þess fallin að grafa undan samningafrelsi í landinu og þar með grundvallarréttindum launafólks. Talsmenn atvinnurekenda létu í ljós áhyggjur yfir því að gagnrýni sérfræðinganefndarinnar væri illa rökstudd í og með vegna þess að Brasilíu bar ekki að skila skýrslu um framkvæmd samþykktar nr. 98 á árinu 2017. Upplýsingar um stöðu mála væru þar af leiðandi takmarkaðar. Undir þetta var tekið af talsmönnum nokkurra ríkisstjórna og lýst því sjónarmiði að ekki hefði verið rétt að taka málið á dagskrá þingnefndarinnar. Niðurstaðan var að hvetja ríkisstjórnina til að veita sérfræðinganefndinni nánari upplýsingar fyrir fund hennar í nóvember 2018.

Mál Japans laut að framkvæmd á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi. Það fjallaði um félagafrelsi slökkviliðsmanna og fangavarða og verkfallsrétt ríkisstarfsmanna en hvort tveggja er bannað að japönskum lögum. Röksemd talsmanns japanskra stjórnvalda var á þá lund að slökkviliðsmenn sætu við sama borð og lögreglumenn í Japan sem væru undanskildir gildissviði samþykktarinnar. Enn fremur væru fangaverðir vopnaðir. Talsmaður atvinnurekenda minnti á að þetta væri gamalt mál sem hefði mörgum sinnum verið á dagskrá þingnefndarinnar. Hann taldi vissan sveigjanleika nauðsynlegan við túlkun orðsins „lögreglumaður“ og lýsti stuðningi við málflutning fulltrúa

ríkisstjórnarinnar. Talsmaðurinn gagnrýndi einnig að nefndin fjallaði um spurninguna um verkfallsréttinn þar sem hann félli utan gildissviðs samþykktar nr. 87. Þess skal getið að um þetta tiltekna atriði ríkir djúpstæður ágreiningur í nefndinni, sem gerð hefur verið grein fyrir í fyrri skýrslum um Alþjóðavinnuálagið. Fram komu í máli talsmanna launafólks vonbrigði með það að stjórnvöld hafi ekki beitt sér fyrir umbótum. Skoðun þeirra var að skipun samráðsnefnda, sem fulltrúi ríkisstjórnarinnar hafði vísað til, væri ófullnægjandi kostur við félagsfrelsi þar sem til þeirra væri ekki stofnað af launafólki og að þær hefði hvorki samnings- né ákvörðunarrétt. Skortur á atvinnulýðræði og takmarkanir á rétti launafólks til að láta sameiginlega í ljósi skoðanir hafi skapað slæmt vinnuumhverfi þar sem áreitni, einelti og ofbeldi af hálfu yfirmanna væri algengt og dæmi væri um að þetta hafi leitt til sjálfsmorðs. Flutt var ræða af hálfu ríkisstjórna Norðurlandanna þar sem dregin var fram reynslan af tiltölulega frjálslyndri löggjöf um félagsfrelsi og verkfallsrétt opinberra starfsmanna.

Málefni eftirtalinnna ríkja voru enn fremur tekin til umfjöllunar í nefndinni: Alsír (vegna félagsfrelsis), Bahrain (mismunun), Bólívía (vinna barna og lágmarkslaun), Kambódía (nauðungarvinna), El Salvador (samráð við aðila vinnuarkaðarins), Eritrea (nauðungarvinna), Georgía (jöfn laun), Grikkland (kjarasamningar), Haiti (samþykktir um vinnutíma), Hondúras (félagsfrelsi), Líbía (stefna í atvinnuálagi), Malasía (jöfn meðhöndlun og slysatryggingar), Mexíkó (félagsfrelsi), Moldavía (vinnueftirlit), Maynmar – Burma (félagsfrelsi), Nígería (samningafrelsi), Samóaeýjar (barnavinna í sinni verstu mynd), Serbía (samráð við aðila vinnuarkaðarins) og Úkraína (vinnueftirlit).

Slóðirnar að skýrslum þingnefndarinnar eru:
https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_631794.pdf og

https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_633515.pdf

2.5 ÞRÓUNARADSTOÐ ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Umfangsmikill þáttur í starfi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar er aðstoð við þróunarríki. Með nokkurra ára millibili er stofnað til umræðna um þennan þátt starfseminnar; hann veginn og metinn og skipst á skoðunum um það hvað megi fara betur. Komið var að umræðum um þetta efni á 107. Alþjóðavinnuálagið. Fram kom að markmiðið er að aðstoða aðildarríkin við að hrinda í framkvæmd áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði fyrir alla og vinna að framkvæmd þeirra þátta í áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem heyrir til verksviðs Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Formaður þingnefndarinnar sem fjallaði um þetta málefni var kjörinn Sipho Ndebele, fulltrúi ríkisstjórnar Suður-Afríku. Varaformenn voru kjörin Jacqueline Arwa Mugo, fulltrúi atvinnurekenda í Kenía, og Mody Guiro, fulltrúi launafólks í Senegal. Þess má geta að þetta var í fyrsta skipti í sögu Alþjóðavinnuálagingsins sem forysta í þingnefnd var í höndum fulltrúa frá Afríku. Nefndin hélt daglega fundi á tímabilinu 28. maí til 6. júní 2018. Fyrstu vikuna héldu talsmenn hinna ýmsu hópa á þinginu ræður í nefndinni. Þær snerust um að svara fjórum spurningum sem settar voru fram í skýrslu sem lá fyrir nefndinni. Við nefndarvinnuna kom upp spurningin um fjölbreyttari form á fjármögnun þróunarverkefna. Talsmaður atvinnurekenda nefndi um þetta nokkur dæmi sem talsmaður launafólks vildi fá nánari skýringar á. Um þetta stofnuðust nokkrar

umræður fyrri nefndarvikuna og varð þess valdandi að nefndarstarfið dróst á langinn seinni vikuna. Þetta málefni ásamt umræðum um aðfangakeðjur og fjölþjóðafyrirtæki olli mestum ágreiningi atvinnurekenda og launafólks í nefndinni. Málflutningur fulltrúa ríkisstjórnar Bandaríkjanna stakk nokkuð í stúf í nefndinni. Hann vildi draga úr vægi alþjóðasamninga í þessu sambandi og nefndi sérstaklega til sögunnar Parísar-samkomulagið um loftlagsmál.

Nokkuð almenn samstaða ríkti um það að Alþjóðavinnuárástofnunin ætti í starfi sínu við þróunarhjálp að leggja áherslu á tækifæri kvenna til náms og þroska. Einnig á bættu stöðu fatlaðra og öryrkja. Fram kom áhersla á grænt hagkerfi og vinnumarkað.

2.6 AÐGERÐIR GEGN ÁREITNI OG OFBELDI Á VINNUSTÖÐUM

Á þinginu fór fram fyrri umræða um aðgerðir gegn áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Umræðan kallaðist vel á við þá hreyfingu sem kennd er við „Metoo“. Formaður þingnefndarinnar sem fjallaði um málið var kjörinn Rakesh Patry, fulltrúi ríkisstjórnar Kanada. Varaformenn voru kjörnir Alana Matheson, fulltrúi atvinnurekenda í Ástralíu, og Susana Casado Garcia, fulltrúi launafólks í Mexíkó.

Stjórnarnefnd Alþjóðavinnuárástofnunarinnar ákvað árið 2016 að setja þetta málefni á dagskrá Alþjóðvinnuáráðsins með þá kosti opna að þingið afgreiddi samþykkt ásamt tilmælum eða einungis tilmæli um það. Haustið 2017 var öllum aðildarþjóðum send spurningaskrá um lög og reglur sem giltu um áreitni og ofbeldi og afstöðu til hugsanlegrar afgreiðslu Alþjóðavinnuáráðsins á gerð eða gerðum um málefnið. Tekin var saman skýrsla á grundvelli þeirra svara frá aðildarríkjunum. Í ljós kom að það skipti í tvö horn með afstöðuna til afgreiðslu samþykktar ásamt tilmælum eða eingöngu tilmæla. Fljótlega varð ljóst að flest aðildarríki hölluðust að fyrri kostinum. Djúpstæður ágreiningur kom í ljós við upphaf nefndarstarfsins um gildissvið væntanlegrar alþjóðasamþykktar. Ágreiningurinn stóð einkum um gildissviðið: Hvort ákvæði samþykktarinnar ættu að takmarkast við vinnustaði eða hafa víðtækari skírskotun. Einnig til hverra hún ætti að taka og hver eða hverjir bæru ábyrgð á framkvæmdinni. Þessu til viðbótar fór langur tími nefndarinnar í að ræða hvernig skýra bæri orð og hugtök. Þannig var lengi deilt um skýringu á orðunum áreitni og ofbeldi.

Það sem olli þó mestum ágreiningi var ákvæði í tillögu að 13. gr. tilmælanna. Þetta ákvæði hafði að geyma skrá yfir hópa sem eru í sérstakri hættu varðandi einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Í upptalningunni eru m.a. hommar, lesbíur og aðrir hliðstæðir hópar. Ríki Afríku og Arabaríki gátu ekki stutt neinn texta þar sem minnst er á þessa hópa. Þau nutu stuðnings a.m.k. einhvers hluta atvinnurekenda. Nefndarstarfinu lauk í miklum ágreiningi sem beið komandi Alþjóðavinnuáráðs að leysa úr.

Slóðin að skýrslu nefndarinnar er: https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_631807.pdf

2.7 FRAMKVÆMD YFIRLÝSINGAR UM GRUNDVALLARRÉTTINDI Í ATVINNULÍFINU

Alþjóðavinnuáráðingið fjallar reglulega um framkvæmd yfirlýsingarinnar frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti fyrir samngjarna hnattvæðingu. Yfirlýsingin er í fjórum köflum sem fjalla um eftirfarandi: Félagafrelsi; réttinn til samningsgerðar um kaup og kjör; afnám mismununar í atvinnulífinu; aðgerðir gegn barnavinnu og nauðungarvinnu. Að þessu sinni var fjallað um gildi samstarfsins á milli ríkisvalds, samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks að því er varðar umbætur á sviði félags- og vinnumála. Nefndarstarfið hófst með kjöri formanns. Fyrir valinu varð Tom Bevers, fulltrúi ríkisstjórnar Belgíu. Varaformenn voru kosin Delphine Rudelli, fulltrúi atvinnurekenda í Frakklandi, og Plamen Dimitrov, fulltrúi launafólks í Búlgaríu.

Fyrir þinginu lá skýrsla sem tekin var saman af starfsmönnum alþjóðavinnuáskrifstofunnar til undirbúnings umræðum í þingnefnd. Í henni voru settar fram eftirfarandi þrjár spurningar í því augnamiði að gera umræðurnar markvissari:

1. Við hvaða viðfangsefni þarf að takast og hverjir eru kostir þess að efla samráð ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins?
2. Hvernig getur samráð ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins verið árangursríkara þannig að hægt sé að takast á við viðfangsefni framtíðarinnar?
3. Hvernig getur Alþjóðavinnuáskrifstofnunin styrkt samráð ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins?

Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd og var valinn til setu í samninganefnd hennar (*drafting committee*) sem fékk það hlutverk að semja drög að ályktunartillögu um málefnið sem lögð yrði fyrir allsherjarþing Alþjóðavinnuáskrifstofunnar. Nefndarstjórnir voru einkar erfið í fyrstu. Það má skrifa á reikning þess að drögin sem lágu fyrir nefndinni þóttu í rýrara lagi. Fundir samninganefndar urðu langir og erfiðir og stóðu frá því snemma dags og fram yfir miðnætti. Einkum var deilt um það hvort í þingsályktuninni skyldi vísað til yfirlýsingar Alþjóðavinnuáskrifstofunnar frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Talsmenn atvinnurekenda lögðust gegn þessu. Fulltrúar launafólks auk fulltrúa ríkisstjórna Frakklands, Kanada og Kólumbíu voru fylgjandi. Niðurstaðan varð eftirfarandi:

- Tillaga fulltrúa launafólks um hvatningu til Alþjóðavinnuáskrifstofunnar um að setja meiri kraft í að fjölga fullgildingum á samþykktum nr. 87, um félagafrelsi, nr. 98, um samningafrelsi, og nr. 144, um þrihliða samráð.
- Tillaga fulltrúa atvinnurekenda um að taka upp í ályktunartillögunum tilvísun til „workplace cooperation“ og „no one-size-fits-all“ var samþykkt.

Að mati flestra varð niðurstaðan og ályktunin ásættanleg og gott tæki fyrir Alþjóðavinnuáskrifstofunina til að vinna að frekari framgangi ályktunarinnar frá árinu 2008. Í raun er hún gott framhald af hliðstæðri ályktun frá árinu 2013.

Slóðin að skýrslu þingnefndarinnar er eftirfarandi:
https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_631668.pdf

3. 108. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAPINGIÐ 2019 3.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA

Setningarhátíð þings Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, sem var hið 108. í röðinni, hófst kl. 10.30 mánudaginn, 10. júní 2019. Þingið fór að stærstum hluta fram í Þjóðabandalagshöllinni en eins og nokkur undanfarin ár fóru fundir fjölmennustu nefndarinnar, þingnefndar um framkvæmd alþjóðasamþykktu og tilmæla, fram í byggingu Alþjóðavinnuáskrifstofunnar. Undirbúningsfundir fyrir þingið voru haldnir fyrr um morguninn og daginn áður, sunnudaginn 9. júní. Þinginu var slitið föstudaginn 21. júní 2019.

Jean-Jacques Elmiger, sendiherra Sviss gagnvart alþjóðastofnunum í Genf, var kjörinn forseti þingsins. Varaforsetar voru kjörnir: úr hópi fulltrúa ríkisstjórna: Margarida Rosa Da Silva Izata, sendiherra Angóla gagnvart alþjóðastofnunum í Genf; úr hópi atvinnurekenda: Jacqueline Arwa Mugo, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnurekenda í Keníu; og úr hópi launafólks: Plamen Dimitrov, forseti Samtaka sjálfstæðra stéttarféлага í Búlgaríu.

Sendinefnd Íslands á þinginu var skipuð eftirtöldum: Frá félagsmálaráðuneytinu: Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðgjafi, Arnar Þór Sævarson, aðstoðarmaður ráðgjafa og Gylfi Kristinsson ráðgjafi. Frá utanríkisráðuneytinu: Harald

Aspelund, sendiherra Íslands gagnvart Alþjóðastofnunum í Genf, Andri Júlíusson sendiráðunatur og Anna Lilja Gunnarsdóttir, sérstakur ráðgjafi á sviði alþjóðlegs vinnumálasamstarfs í fastanefnd Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Genf. Fulltrúar íslenskra atvinnurekenda: Kristín Þóra Harðardóttir og Ragnar Árnason, bæði lögfræðingar Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúar atvinnurekenda skiptu með sér setunni á þinginu þannig að Kristín Þóra sat fyrri hluta þingtímans og Ragnar seinni hlutann. Fulltrúi íslensks launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Varamaður hans: Guðbjörg Kristmundsdóttir, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Enn fremur sótti Drífa Snædal, forseti ASÍ, þingið heim.

Á dagskrá þingsins voru eftirtalin málefni:

- I. Skýrslur forstjóra og stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.
- II. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2020 og 2021.
- III. Framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla.
- IV. Yfirlýsing í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
- V. Aðgerðir gegn einelti og ofbeldi á vinnustöðum (síðari umræða).
- VI. Pallborðsumræður um afmörkuð svið í tengslum við framtíðarskipan vinnunnar og aldarafmæli ILO.

Samþykkt var að stofna eftirtaldar þingnefndir: Kjörbréfanefnd, fjárhagsnefnd, nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla og nefnd um aðgerðir gegn áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Að auki var samþykkt stofnun nefndar sem kalla má allsherjarnefnd (*committe of the whole*). Hlutverk hennar var að fjalla um drög að yfirlýsingu í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

3.2 HÁTÍÐARFUNDIR Í TILEFNI AF ALDARAFMÆLI ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar setti sitt mark á Alþjóðavinnu- málþingið. Fjölmarginir þjóðarleiðtogar og forystumenn í félags- og vinnumálum sóttu þingið af þessu tilefni. Þeir ávörpuðu þingheim þingsetningardaginn 10. og 11. júní og 17. og 18. júní 2019. Hér fylgir útdráttur úr ræðum nokkurra gesta.

Forseti Ítalíu, Sergio Mattarella, sagði að margs konar réttindi ættu rót að rekja til óþreytandi vinnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar að mannlegri reisu allra, án tillits til starfsvettvangs.

Fram kom í ræðu **forsætisráðherra Noregs, Ernu Solberg**, að í 100 ár hafi Alþjóðavinnumálastofnunin verið leiðandi í samstarfi ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins við að skapa alþjóðlegan regluramma um réttindi launafólks, jafnrétti, samkeppni og félagslegt réttlæti. Stofnunin hafi gefið hugtakinu „mannsæmandi vinnuskilyrði fyrir alla“ inntak.

Forseti Suður-Afríku, Cyril Ramaphosa sagði það tvöfaldan heiður að fá að standa á sama stað nákvæmlega 25 árum eftir Nelson Mandela, fjórum árum áður en hann var lýðræðislega kjörinn forseti Suður-Afríku. Alþjóðavinnumálastofnunin, eins og hann bað ykkur um að gera, studdi baráttu okkar sem stóð árum saman. Í dag, sem ég stend hér 25 árum seinna, segi ég enn og aftur: Innilegar þakkir til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fyrir stuðninginn.

„Í raun og veru erum við ekki í dag að fagna afmæli stofnunar, heldur ekki afgreiðslu alþjóðasamþykktar. Við erum að fagna hreyfingu til hins betra eftir ömurleika skotgrafa fyrri heimsstyrjaldarinnar, vígvalla og hungurs og vesældar. Hreyfinguna má tákna með þremur bókstöfum: ILO. Þessi hreyfing er á leið til framtíðar,“ sagði **Stefan Löfven**, **forsætisráðherra Svíþjóðar**.

Forsætisráðherra Marokkó, Saad-Eddine El Othmani, sagði að Marokkó eins og aðrar þjóðir væri meðvituð um örar breytingar á sviði vinnunnar og hugsanlegar afleiðingar þeirra sem og þróun nýrra atvinnuhátta ... það væri af þeirri ástæðu sem fagnað væri áherslu Alþjóðavinnuárástofnunarinnar á þetta atriði.

Talsmaður launafólks á afmælisþinginu, **Sharon Burrow, aðalframkvæmdastjóri Alþjóðasambands verkalýðsfélaga**, sagði það aðkallandi viðfangsefni allra viðstaddra að vinna að því að allt launafólk njóti mannlegrar reisnar. „Ég óttast að við séum á barmi tíma reiði. Því veldur örvænting, vonleysi og í ljósi upplausnar samfélagsáttmálans er viðfangsefni okkar að staðfesta, þróa og endurnýja sáttmálann“.

Í ræðu **Roberto Suarez Santos, aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasambands atvinnurekenda**, kom fram að framtíðin beri í skauti sér fleiri tækifæri en nokkru sinni áður. Milljónir launafólks, einstaklinga og fyrirtækja, munu hafa tækifæri sem aldrei fyrr til menntunar, hæfni og viðskiptatengsla. Ef þessi nýju tækifæri verði nýtt til hins ýtrasta verði hægt að lyfta fleira fólki úr fátækt. Ekki megi setja hömlur á framtíðina og bregðast við vegna ótta. Þess verði að gæta þess að setja ekki skorður við frumkvæði; slíkt muni ekki aðeins hindra atvinnusköpun heldur einnig sköpunarkraft, nýsköpun og hagsæld.

Forsætisráðherra Rússlands, Dimitry Medvedev, sagði Alþjóðavinnuárástofnunina vera þá alþjóðastofnun sem hefði haft hvað mest áhrif. Hann sagði Rússland styðja markmið og viðfangsefni Alþjóðavinnuárástofnunarinnar og lýsti samstöðu við þá afstöðu að vinnandi fólk á 21. öldinni gæti leyst úr læðingi þann kraft sem í því byggir. Rússar væru meðvitaðir um að bregðast þurfi við samfélagsbreytingum, nýjum félagslegum kröfum og þörfum launafólks tímanlega og af kunnáttu. Að öðrum kosti yrðu afleiðingarnar hörmulegar.

Kanslari Þýskalands, Angela Merkel, sagði þörf á samfélagsfriði, þörf á sanngjörnum kjörum launafólks, þörf á að varðveita og virða mannlega reisn. Alþjóðavinnuárástofnunin hafi náð miklum árangri en margt væri óunnið. Hún kvaðst vona að sá árangur sem hafi þegar náðst yrði hvatning til frekari átaka til umbóta. Merkel vísaði til þess að 12. júní væri helgaður aðgerðum gegn vinnu barna og þætti Alþjóðavinnuárástofnunar í þeim aðgerðum og vakti athygli á því að 152 milljónir barna væru neyddar til vinnu og um það bil helmingur þeirra væri yngri en fimm ára. Þetta væri ólíðandi og kallaði á sameiginlegt átak til umbóta.

Forseti Frakklands, Emmanuel Macron, lýsti eindregnum stuðningi við hugmyndafræði Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um samstarf ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins. Þetta samstarf gæti á stundum verið erfitt, krefjandi og tímafrekt en það leiddi til niðurstöðu sem hægt væri að byggja á. Þrautseigja, ábyrgar gjörðir, markviss efling alþjóðlegrar samstöðu á grundvelli laga og samræðna væri sá andi sem ríkti innan Alþjóðavinnuárástofnunarinnar.

Forsætisráðherra Lúxemborgar, Xavier Bettel, gerði að umtalsefni nokkur þeirra viðfangsefna sem blasa við heiminum; loftlagsbreytingar, lýðfræðileg þróun, fólksflutningar og breytingar á atvinnuháttum, muni snerta öll samfélög, allar stofnanir, allt launafólk og öll fyrirtæki. Hann lýsti fullum stuðningi við það sem Guy Ryder, forstjóri ILO, hafði sagt um að samstarf ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins hafi verið og verði lykillinn að framtíðarskipan vinnunnar. Þar af leiðandi þurfi að styrka þetta samstarf og efla og laga það að breyttum heimi vinnunnar.

Forsætisráðherra Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, Theresa May, fjallaði í ræðu sinni um siðferðilega skyldu allra þingfulltrúa til að takast á við þann arf fortíðar sem væri nútíma þrælahald. Hún lýsti þessu fyrirbrigði sem heimsfaraldri sem smeygði sér í afkima alls daglegs lífs, fatnað sem fólk klæddist, mat sem það neytti og þjónustu sem það greiddi fyrir. Enginn forystumaður sem vildi standa undir nafni gæti leitt hjá

sér karla, konur og börn sem haldið er nauðugum til vinnu fyrir hungurlús eða enga greiðslu, sæta reglulegri misþyrmingu, nauðgunum eða pyntingum. Niðurstaða hennar var sú að „framtið þar sem nútíma þrælahald yrði hluti hins liðna, það væri sá heimur vinnunnar sem við ættum og gætum skapað“.

3.3 KJÖRBRÉFANEFND

Vísað er til þess sem segir um hlutverk kjörbréfanefndar í kafla 2.2 hér að framan. Isaiah Kirigua, ríkisstjórnarfulltrúi frá Keníu, var kjörinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru kjörin Fernando Yllanes Martínez, fulltrúi atvinnurekenda í Mexíkó, og Amanda Brown, fulltrúi launamanna í Stóra-Bretlandi.

Nefndin tók saman tölulegar upplýsingar um þátttöku í þinginu. Samtals bárust fulltrúabréf vegna þátttöku 7.600 einstaklinga eða fleiri en nokkru sinni í sögu stofnunarinnar. Af þeim voru rúmlega 6.300 skráðir til þátttöku.

Síðastliðin 30 ár hefur nefndin fylgst sérstaklega með hlutfalli karla og kvenna á þinginu. Konur á 108. þinginu voru 1.153 (fulltrúar og ráðgjafar) eða 35 af hundraði allra þingfulltrúa. Hliðstæð tala fyrir árið 2018 var 32,7 af hundraði og árið 2017 31,1 af hundraði. Af fulltrúum ríkisstjórna voru konur 40,5 hundraðshlutar (2018: 38,8 og 2017: 38). Af fulltrúum atvinnurekenda voru konur 28,7 hundraðshlutar (2018: 26 og 2017: 24,4). Samsvarandi tölur fyrir fulltrúa launafólks voru 30,4 hundraðshlutar (2018: 28,2 og 2017: 25,1). Fram kemur að nefndin telur þetta slakan árangur þrátt fyrir að á þessu tímabili hafi verið samþykktar fjórar ályktanir sem fela í sér hvatningu til stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um að gera betur á þessu sviði.

Eins og undanfarin ár var eitt fyrsta málefnið á dagskrá kjörbréfanefndarinnar val fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Pálmamottulands (Djíbúti). Á 107. Alþjóðvinnuálagþinginu samþykkti nefndin að endurnýja ákvörðun um sérstakt eftirlit með vali fulltrúa launafólks í sendinefnd Pálmamottulands á Alþjóðavinnuálagþinginu. Þetta var í tólfta skiptið sem sú ákvörðun var tekin. Í því felst að nefndin óskaði eftir ítarlegri greinargerð frá ríkisstjórn landsins um setningu reglna sem tryggja að við val á fulltrúa launafólks í sendinefnd þess á Alþjóðavinnuálagþinginu verði gætt grundvallarreglna um félagafrelsi. Þess var sérstaklega óskað að greinargerðin fylgdi fulltrúabréfi sendinefndarinnar. Enn fremur um verklag við val á fulltrúa launafólks og ráðgjafa hans, samráð við hlutaðeigandi samtök launafólks, nafn á þeim samtökum og upplýsingar um fjölda félagsmanna hvers um sig, hvenær samráðið hafi átt sér stað, um nöfn þeirra sem hafi verið tilnefndir í samráðsferlinu og stöðu þeirra í samtökunum.

Kjörbréf sendinefndar Pálmamottulands barst 15. maí 2019. Eftir áminningu barst stutt greinargerð frá ríkisstjórninni 10. júní 2019. Í henni kom fram að haft hafi verið samráð við fern samtök atvinnurekenda og launafólks. Í gildi væri samkomulag um að samtökin skiptist á um að tilnefna aðalfulltrúa og varafulltrúa í sendinefndina. Um svipað leyti barst kæra frá Alþýðusambandi Pálmamottulands og Samtökum ófaglærðs verkafólks þess sama lands. Kæruefnið var skipun fulltrúa launafólks í sendinefnd Pálmamottulands á Alþjóðavinnuálagþinginu. Fullyrt var að tilnefndur fulltrúi væri frá gervisamtökum. Niðurstaða nefndarinnar var því endurtekning á óskum fyrri ára um ítarlega skýrslu um val á fulltrúa launafólks í sendinefndina. Málið heldur því áfram.

Hliðstæður málarekstur hefur staðið varðandi tilnefningu fulltrúa launafólks í sendinefnd Míritaníu en þó ekki í jafn langan tíma og varðandi Pálmamottuland. Að þessu sinni barst kjörbréfanefndinni ekki kæra vegna skipunar sendinefndarinnar en hún ákvað engu að síður að fylgjast með framvindunni í landinu og óskaði eftir nánari skýringum varðandi tiltekin atriði.

Þriðja landið sem nefndin hefur fylgst sérstaklega með er Ven esúela. Mál þess er af svipuðum toga og þeirra sem nefnd eru hér að framan. Styrinn stendur um skipan fulltrúa launafólks í sendinefnd landsins á Alþjóðavinnumálaþinginu. Það kom fyrst upp árið 2016. Niðurstaða nefndarinnar var sú sama og í hinum tveimur málunum; að óska eftir nánari upplýsingum um reglur sem gilda um val á fulltrúum aðila vinnumarkaðarins í sendinefndina, um starfandi stéttarfélög og fjölda félagsmanna.

Nefndinni bárust kærur vegna skipunar fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefndir eftirtalinnna ríkja: Indlands, Kómoróeyjar, Pálmamottulands, Líbíu, Madagaskar, Nikaragva, Tasíkistan, Tonga, Túnis og Venesúela.

Kjörbrefanefndin fjallaði um samtals sjö kvartanir sem snerust um ófullnægjandi greiðslur vegna ferðakostnaðar þeirra til og frá þingstað. Einnig var kvartað yfir því að reglum um greiðslu upphaldskostnaðar hafi ekki verið fylgt. Þau aðildarríki sem hér um ræðir voru: Afganistan, Armenía, Kongó, Kirgistan og Venesúela.

Hægt er að nálgast skýrslur nefndarinnar með því að fylgja eftirfarandi slóðum:

https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_710226.pdf

og

https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_711287.pdf

3.4 FJÁRMÁL

Fyrir í þessari skýrslu kemur fram að fjárhagsnefnd Alþjóðavinnumálaþingsins er eina nefnd þingsins þar sem aðgangur er takmarkaður við fulltrúa ríkisstjórna. Einnig kemur fram að hin síðari ár hefur einum talsmanni atvinnurekenda og einum talsmanni launafólks verið boðið að taka þátt og fylgjast með almennum umræðum í þingnefndinni.

Formaður nefndarinnar var kosinn Raúl Vargas Juarez, fulltrúi ríkisstjórnar Mexíkó. Tetsuya Matsubara, fulltrúi ríkisstjórnar Japans, var kosinn varaformaður. Áheyrnarfulltrúi atvinnurekenda var Mthuni-Perry Mason Mdwabe frá Suður-Afríku og áheyrnarfulltrúi launafólks Claudia Menne frá Þýskalandi.

Fyrsta mál nefndarinnar var að afgreiða umsóknir frá aðildarríkjum um að fá að halda atkvæðisrétti á þinginu þrátt fyrir greiðslufall á árgjaldi til Alþjóðavinnumála-stofnunarinnar. Nefndinni barst umsókn um þetta efni frá Sierra Leóne. Um var að ræða skuldir sem höfðu hlaðist upp frá árinu 1992. Samið hafði verið um greiðslu skuldarinnar á 20 árum. Við þetta samkomulag hafði verið staðið. Nefndin lagði því til að landið héldi atkvæðisrétti á þinginu.

Annað mál af þessu tagi sneri að Sómalíu. Þar var nokkuð annað uppi á teningnum. Skuldin var samtals að upphæð 419.546 svissneskir frankar. Í gildi var áætlun um greiðslu skuldarinnar. Ríkisstjórn Sómalíu hafði ekki staðið við þessa áætlun. Í raun hafði engin greiðsla átt sér stað síðan árið 1988. Samkvæmt ríkisstjórninni fólst skýringin í áratuga löngum stríðsátökum. Nefndin tók þessar skýringar gildar og mælti með því að landið héldi atkvæðisrétti á þinginu. Ekki voru allir sammála þessari afgreiðslu, ekki síst vegna þess að alls engar greiðslur höfðu átt sér stað í þrjú áratugi.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2020 og 2021. Samkvæmt henni verða útgjöld stofnunarinnar á þessu tveggja ára tímabili 790.640.000 svissneskir frankar. Áætlunin felur í sér nokkra raunaukningu á útgjöldunum. Það er í fyrsta skipti á kjörtímabili núverandi forstjóra stofnunarinnar, Guy Ryder, sem það gerist. Af því leiðir að árgjöld aðildarríkjanna verða samtals rúmlega 395 milljónir svissneskra franka. Einungis einn fulltrúi atvinnurekenda greiddi atkvæði gegn fjárhags- og framkvæmdaáætluninni sem og fulltrúar fjögurra

aðildarríkja, sem voru Bandaríki Norður-Ameríku, Egyptaland, Holland og Stóra-Bretland. Ísland greiðir af 0,028% af árlegum árgjöldum aðildarríkjanna, sem gera 110.690 svissneskir frankar. Vegna skilvísrar greiðslu á árinu 2018 verður árgjaldið 2020 110.524 svissneskir frankar eða 13.711.607 ISK (gengi 24.07.2019).

Slóðin að skýrslu nefndarinnar er: https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_711893.pdf

3.5 FRAMKVÆMD ALÞJÓÐASAMÞYKKTA OG TILMÆLA

Í kafla 2.4 hér að framan er fjallað um verkefni nefndar Alþjóðavinnuálagingsins um framkvæmd alþjóðasamþykktar.

Patrick Rochford, fulltrúi ríkisstjórnar Írlands, var kosinn formaður nefndarinnar. Varaformenn voru Sonja Regenbogen, fulltrúi atvinnurekenda í Kanada, og Marc Leemans, fulltrúi launafólks í Belgíu. Corine Elsa Angonemane Mvondo, fulltrúi ríkisstjórnar Kamerún, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar.

Í nefndinni átti sæti 235 fulltrúar (123 fulltrúar ríkisstjórna, átta fulltrúar atvinnurekenda og 104 fulltrúar launafólks). Að auki sátu fundi nefndarinnar 15 áheyrnarfulltrúar ríkisstjórna, 89 áheyrnarfulltrúar atvinnurekenda, 206 áheyrnarfulltrúar launafólks og 36 áheyrnarfulltrúar alþjóðasamtaka.

Þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla hélt samtals 18 fundi um þingtímann.

Abdul G. Koroma, formaður sérfræðinganeftdar ILO, sem fer yfir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd alþjóðasamþykktar, flutti ræðu. Hann lét af formennsku í sérfræðinganeftdinni í nóvember 2018 eftir að hafa gegnt henni í tvö kjörtímabil. Dixon Caton dómari tók við formennsku í nefndinni.

Eftir almennar umræður í nefndinni tók við umfjöllun um almenna úttekt á framkvæmd tilmæla nr. 202, frá árinu 2012, um lágmark félagslegs öryggis. Tilmælin eru fyrsta alþjóðlega gerðin sem felur í sér leiðbeiningar um það lágmark félagslegs öryggis sem sérhver einstaklingur ætti að njóta. Úttektin leiddi í ljós tilætluð áhrif og er vísað til hennar í gerðum annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna þar sem fjallað er um almannatryggingar og félagslegt öryggi. Félagsmálaráðuneytið sendi á sínum tíma ítarleg svör við spurningum sem sendar voru aðildarríkjum ILO til undirbúnings úttektinni.

Nefnd um félagafrelsi var sett á laggirnar árið 1951. Hún fjallar um framkvæmd á samþykktum ILO nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess, og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, óháð því hvort ríki hafi fullgilt samþykktirnar eða ekki. Í nefndinni eru níu fulltrúar, þrjár frá hverjum hópnum sem á aðild að Alþjóðavinnuálagingsstofnuninni, þ.e. frá ríkisstjórn, atvinnurekendum og launafólki. Fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks gerðu það að tillögu sinni árið 2017 að tekin yrði saman skýrsla um starf nefndarinnar. Það var gert og sú fyrsta flutt á fundi stjórnarneftdar ILO í júní 2018. Í tilefni af aldarafmælinu þótti við hæfi að formaður nefndarinnar, Paul van der Heijden, flytti þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla skýrslu um starf nefndar um félagafrelsi. Þetta var í fyrsta skipti sem það var gert. Í máli formanns nefndar um félagafrelsi kom m.a. fram að fjöldi mála sem nefndinni berast hefði aukist ár frá ári. Á árinu 2018 var metfjöldi eða 170 mál.

Ein af mikilvægustu skuldbindingunum sem felast í aðild að Alþjóðavinnuálagingsstofnuninni er að leggja gerðir, afgreiddar af Alþjóðavinnuálagingsinu, fyrir löggjafarsamkomu hlutaðeigandi aðildarríkis innan árs frá lokum vinnuálagingsins eða í síðasta lagi innan 18 mánaða frá þingslitum. Fjallað er um brot á þessari skuldbindingu í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar og tilmæla. Að þessu

sinni höfðu 37 ríki ekki staðið við þessa skuldbindingu. Flest ríki í þeim hópi áttu í styrjöldum eða búa við vanþróað eða spillt stjórnkerfi. Frá því voru að vísu undantekningar sem vöktu athygli, t.d. Króatía og Malta.

Skuldbindingin um að senda stofnuninni skýrslur um framkvæmd á fullgiltum alþjóðasamþykktum er af svipuðum toga. Fram kom að þegar upp var staðið hafði um 71% af skýrslunum borist sérfræðinganeftdinni á árinu 2018 sem er örlítið lakari niðurstaða en árið á undan.

Miðvikudaginn 12. júní 2019 hófst umfjöllun um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Í samræmi við verklagsreglur höfðu fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks sett saman skrá yfir 24 alvarleg brot aðildarríkja á samþykktunum. Harðar umræður voru um framkvæmd Brasilíu á alþjóðasamþykkt nr. 98, um samningafrelsi. Talsmaður brasilískra stjórnvalda, sem var sendiherra landsins í Genf, var mjög ósáttur við umfjöllun sérfræðinganeftdarinnar um aðstæður þar í landi. Raunar lét sendiherrann ekki aðeins til sín taka í þingnefndinni heldur hélt mikinn reiðilestur á allsherjarþingi vinnuálagingsins og kvartaði sáran yfir því að ríki Suður-Ameríku nytu ekki réttlátrar meðhöndlunar af hálfu stofnunarinnar. Þessum reiðilestri var m.a. svarað af hálfu talsmanns fulltrúa vestrænna iðnríkja (IMEC) sem lýsti yfir fullum stuðningi við og trausti á eftirlitskerfi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar.

Framkvæmd Tyrklands á samþykkt nr. 87, um félagafrelsi, varð einnig tilefni til harðra umræðna í nefndinni. Fulltrúar launafólks voru mjög gagnrýnir á ástandið í landinu og röktu mörg dæmi um það hvernig stjórnvöld kæmu í veg fyrir starfsemi stéttarféлага sem væru þeim ekki að skapi. Einnig var rakið hvernig tugir þúsunda höfðu verið hnepptir í varðhald vegna upploginna fullyrðinga um stuðning við misheppnað valdarán fyrir nokkrum árum.

Málefni eftirtalinna ríkja voru enn fremur tekin til umfjöllunar í nefndinni: Alsír (vegna félagafrelsis), Bólívía (lágmarkslaun), Brasilía (samningafrelsi), Egyptaland (félagafrelsi) El Salvador (samráð við aðila vinnuálagingsins), Eþíópía (lágmarksaldur til vinnu), Filippseyjar (félagafrelsi), Fídjí (félagafrelsi), Grænhöfðaejyar (barnavinna í sinni verstu mynd), Hondúras (félagafrelsi), Indland (vinnueftirlit), Írak (barnavinna í sinni verstu mynd), Jemen (barnavinna í sinni verstu mynd), Kasakstan (félagafrelsi), Laos (barnavinna í sinni verstu mynd), Líbía (misrétti með tilliti til atvinnu), Mjanmar – Búrma (naudungarvinna), Níkaragva (stefna í félagsmálum), Serbía (vinnueftirlit), Simbabve (félagafrelsi), Tadsíkistan (misrétti með tilliti til atvinnu) og Úrúgvæ (samningafrelsi).

Nefndin lagði skýrslur fyrir allsherjarþing vinnuálagingsins: Slóðirnar að þeim eru:

https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_711293.pdf

og

https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_713974.pdf

3.6 AÐGERÐIR GEGN ÁREITNI OG OFBELDI

Á þinginu fór fram seinni umræða um tillögur að alþjóðasamþykkt og tilmæli um aðgerðir gegn einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Rakesh Patry, fulltrúi ríkisstjórnar Kanada, var kosinn formaður. Varaformenn voru kjörnar Alana Matheson, fulltrúi atvinnurekenda í Ástralíu, og Marie Clarke Walker, fulltrúi launafólks í Kanada. Colin Jordan, vinnuálagingsráðgjafi Barbados, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar.

Fyrri umræðu sem fór fram á 107. Alþjóðavinnuálagningu lauk í miklum ágreiningi. Umræður um fyrstu tillögu að 1. gr. alþjóðasamþykktar gengu treglega. Eins og áður hefur verið getið snerist mesti ágreiningurinn um:

1. gr.: Við fyrri umræðu árið 2018 urðu langar umræður um skilgreiningar á orðunum „ofbeldi“ og „einelti“. Niðurstaðan er eftirfarandi:

a) „*ofbeldi og áreitni*“ í heimi vinnunnar: *margvísleg óviðunandi hegðun og háttsemi, eða hótun um slíkt, hvort sem það er eitt tilvik eða endurtekið, sem miðar að, leiðir til eða líklegt er að valdi líkamlegum, sálrænum, kynferðislegum eða efnahagslegum skaða og felur í sér kynbundið ofbeldi og áreitni;*

b) „*kynbundið ofbeldi og áreitni*“: *ofbeldi og áreitni sem beint er að einstaklingum vegna kyns þeirra eða kyngervis, eða beinist meira að einstaklingum af tilteknu kyni eða kyngervi, þar á meðal kynferðisleg áreitni.*

2. gr.: Á þinginu 2018 voru miklar umræður um skilgreiningu á orðinu „worker“. Niðurstaðan er eftirfarandi:

1. *Samþykkt þessi verndar launafólk og aðra einstaklinga í heimi vinnunnar, þ.m.t. launafólk samkvæmt skilgreiningum í landslögum og samkvæmt lagaframkvæmd, svo og einstaklinga sem starfa án tillits til samningsstöðu sinnar, einstaklinga í hjálfun, þ.m.t. talið starfsmenn og fólk í vinnustaðanámi, launafólk sem sagt hefur verið upp störfum, sjálfboðaliðar, atvinnuleitendur og umsækjendur um atvinnu, og einstaklingar sem fara með vald, gegna ábyrgð eða skyldum fyrir hönd atvinnurekanda.*

2. *Samþykkt þessi gildir um allar atvinnugreinar, hvort sem er í einkarekstri eða opinberum rekstri, bæði í formlega og óformlega hagkerfinu og hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.*

Miklar breytingar voru gerðar á ákvæðum í 3., 4., 5. og 10. gr. tillögu að samþykktinni.

Mestur ágreiningur var þó um ákvæði í 13. gr. tilmælanna. Það ákvæði hafði að geyma skrá yfir þá hópa sem eru í mestri hættu á að verða einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Í upptalningunni voru m.a. hommar, lesbíur og aðrir álíka minnihlutahópar. Ríki Afríku og Arabíu lýstu sig andvíg texta þar sem minnst er á þessa hópa. Niðurstaðan er eftirfarandi:

"13. Túlka ber tilvísun til varnarlausra hópa og hópa sem búa við varnarleysi, skv. 6. gr. samþykktarinnar, í samræmi við gildandi alþjóðlega vinnustaðla og alþjóðagerninga um mannréttindi."

Eftir mjög tímafrekar umræður tókst góð samstaða í þingnefndinni sem hélt til loka þingsins. Tillaga að samþykkt og tilmælum naut víðtæks stuðning þingfulltrúa. Gildi þessara gerða felst í því að með þeim er lagður grunnur að aðgerðum til að skapa vinnuumhverfi sem byggist á virðingu fyrir mannlegri reisn og er laust við hvers konar ofbeldi og einelti.

Þess má geta að formaður þingnefndarinnar á mikinn heiður skilinn fyrir að hafa tekist að leiða þetta mál farsællega til lykta.

Slóðin að skýrslu nefndarinnar er: https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_711386.pdf

Samþykkt nr. 190, um áreitni og ofbeldi, er fylgiskjal nr. II með þessari skýrslu og tilmæli nr. 206, sem hafa að geyma nánari útfærslu á samþykktinni, er fylgiskjal nr. III.

3.7 YFIRLÝSING Í TILFNI AF ALDARAFMÆLI ALÞJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNARINNAR

Annað höfuðmál Alþjóðavinnuálagingsins var afgreiðsla yfirlýsingar eða ályktunar í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Fyrir þinginu lágu

drög sem samin voru af starfsmönnum alþjóðavinnuáskrifstofunnar í samvinnu við fulltrúa í sendiráðum og fastanefndum í Genf auk fulltrúa samtaka atvinnurekenda og launafólks. Yfirlýsingunni er ætlað að marka stefnu fyrir Alþjóðavinnuáskrifstofunina til nálægrar framtíðar. Formaður nefndarinnar var kosinn S. Baddoura, fulltrúi ríkisstjórnar Líbanon. Varformenn voru kosnar R. Hornung-Draus, fulltrúi atvinnurekenda í Þýskaland og C. Passchier, fulltrúi launafólks í Hollandi. S. Ndebele, fulltrúi ríkisstjórnar Suður-Afríku, flutti allsherjarþinginu skýrslu nefndarinnar. Nefndin hélt samtals 17 fundi á þingtímanum. Hún var allfjöldmenn því hana skipuðu samtals 222 fulltrúar (107 fulltrúar ríkisstjórna, 36 fulltrúar atvinnurekenda og 79 fulltrúar launafólks.

Við upphaf starfs nefndar sem fjallaði um þetta málefni var nokkuð rætt um hvort skjalið ætti að vera yfirlýsing eða ályktun. Niðurstaðan varð sú að yfirlýsing gæfi skjalinu meira vægi en ef um væri að ræða þingsályktun. Í umræðum kom fram að við núverandi aðstæður væri mikil þörf á að styrkja alþjóðasamstarf sem sætti gagnrýni úr ýmsum áttum. Með yfirlýsingu gæfist tækifæri til að undirstrika stuðning við markmið sem Alþjóðavinnuáskrifstofunin hefur unnið að frá upphafi, einkum þau sem koma fram í Filadelfíu-yfirlýsingunni. Stofnunin hefur markvisst unnið að því að bæta vinnuumhverfi einstaklinga og félagsleg réttindi þeirra með áherslu á þríhliða samstarf ríkisvalds, samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks.

Eftir löng og ströng fundahöld afgreiddi nefndin yfirlýsinguna sem allsherjarþingið samþykkti með viðtækum stuðningi.

Yfirlýsinga afmælisþings Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar er ítarleg og er birt sem fylgiskjal IV með þessari skýrslu. Hér er stiklað á helstu atriðum yfirlýsingarinnar en að öðru leyti vísað til fylgiskjalsins.

Í aðfararorðum er vísað til þess að afmælisþingið sé haldið á tímum þar sem vinnuumhverfið dregur dóm af tækninýjungum, breytingum á lýðfræðilegri þróun, umhverfis- og loftlagsbreytingum. Á sama tíma blasi við viðvarandi misrétti sem hafi áhrif á framtíðarskipan vinnunnar og hlutverk launafólks og mannlega reisn í því sambandi. Lögð er áhersla á að Alþjóðavinnuáskrifstofunin þurfi ótraud að standa fast við umboð sitt sem felst í aðgerðum fyrir félagslegu réttlæti. Endurbæta þurfi starfshætti sem setja í fyrirrúm réttindi launafólks og þarfir og væntingar við mótun stefnu í efnahags-, félags- og umhverfismálum.

Dregið er fram gildi samstarfs ríkisvalds, samtaka atvinnurekenda og samtaka launafólks við að ná félagslegu réttlæti í öllum heimshlutum.

Mikilvægur þáttur í framtíðarstefnumótun sé rétturinn til að efla færni, hæfni og hæfileika alls launafólks. Framkvæmd þeirrar stefnu verði sameiginlega á ábyrgð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Nauðsynlegt sé að styrka innviði stjórnsýslu vinnumála og vinnueftirlits, í þeim tilgangi að uppræta nauðungarvinnu og barnavinnu en jafnframt að skapa mannsæmandi störf fyrir alla, sem séu í senn arðbær og valfrjáls.

Með breyttum áherslum megi ná jafnrétti kynjanna í atvinnulífínu sem tryggi jöfn tækifæri, jafna þátttöku og jafna meðferð, þar með talin jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf. Enn fremur þurfi að gera að veruleika betri skiptingu fjölskylduábyrgðar.

Niðurlag yfirlýsingarinnar fjallar um samstarf aðildarríkjanna og Alþjóðavinnuáskrifstofunnarinnar að framangreindum markmiðum.

Slóðin að skýrslu nefndarinnar er: https://www.ilo.org/wcmsp5/groups/public/---ed_norm/---relconf/documents/meetingdocument/wcms_711386.pdf

Yfirlýsingin er fylgiskjal nr. IV með þessari skýrslu.

3.8 PALLBORÐSUMRÆÐUR UM AFMÖRKUÐ SVIÐ FÉLAGS- OG VINNUMÁLA

Á þessu afmælisþingi var stofnað til pallborðsumræðna um afmarkaða þætti félags- og vinnumála. Þetta hefur ekki verið gert áður. Samtals var stofnað til sjö umræðna sem fóru fram 13. og 14. júní og 17. og 18. júní. Þær hófust með inngangserindum sem flutt voru af einstaklingum sem hafa getið sér gott orð á viðkomandi sviði. Nefna má Kumaran Shanmugan Naidoo, framkvæmdastjóra Amnesty, Christine Lagarde, forstjóra Alþjóðabankans og Michelle Bachelet, mannréttindastjóra Sameinuðu þjóðanna. Þátttakendur í pallborðsumræðunum voru heldur ekki af verri endanum, svo sem Roberto Carvalho de Azevedo, forstjóri Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, Shara Burrow, framkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga, Sonia Regenbogen, varaformaður úr hópi atvinnurekenda í þingnefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar, og José Ángel Gurría Trevino, framkvæmdastjóri OECD. Við undirbúning pallborðsumræðnanna var sú ósk borin fram af hálfu félagsmálaráðuneytisins fyrir hönd Norðurlandanna að norrænn fulltrúi yrði fyrirlesari eða þátttakandi í pallborðsumræðum. Eftir nokkur bréfaskipti varð niðurstaðan sú að Kristin Alsos, verkefnastjóri hjá FAFO í Noregi, tæki þátt í umræðum um aðlögun að breyttum aðstæðum á vinnumarkaði (*Securing sustainable transitions over the life course*). Viðfangsefni annarra pallborðsumræðna voru: *Together for a brighter future without child labour*, *Freedom of association and the effective recognition of the right to collective bargaining: A foundation of decent work*, *Jobs and skills for a brighter future*, *Technological pathways for decent work*, *Multilateralism for an equitable future of work* og *Business for decent work*. Pallborðsumræðurnar voru einstaklega áhugaverðar og tókust með miklum ágætum.

Umræðunum var streymt. Upptökurnar eru aðgengilegar á eftirfarandi netsíðu: <https://www.ilo.org/ilc/ILCSessions/108/thematic-forums/lang--en/index.htm>

4. Ráðstefna sem haldin var í Hörpu 4. og 5. apríl 2019 í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar

Undirbúningur

Þegar aldarafmæli Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar stóð fyrir dyrum barst ríkisstjórnnum aðildarríkjanna bréf, í desember 2015, frá forstjóranum, Guy Ryder. Í bréfinu var því beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna að efna til umræðna um eftirfarandi þætti sem gætu orðið innlegg í stefnumótun fyrir starfsemi Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar í nánustu framtíð: Þróun atvinnulífsins og samfélagsins, atvinnusköpun – einnig í þágu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, breytingar á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og á samskiptum atvinnurekenda og launafólks, réttindum og skyldum sem og formi á reglusetningu o.fl. á sviði félags- og vinnumála.

Ríkisstjórnir Norðurlandanna svöruðu bréfi forstjórans í febrúar 2016 með því að upplýsa að þær hafi ákveðið í stofna til samstarfsverkefnis af þessu tilefni í samvinnu við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar og samtök aðila vinnumarkaðarins. Hluti af samstarfsverkefninu yrði að halda árlegar ráðstefnur um þau viðfangsefni sem koma fram í bréfi forstjórans. Ráðstefnurnar myndu fylgja formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Fyrsta ráðstefnan var haldin í Finnlandi árið 2016, önnur í Noregi árið 2017 og sú þriðja í Svíþjóð vorið 2018. Lokaráðstefnan yrði haldin á Íslandi.

Undirbúningur ráðstefnunnar á Íslandi hófst í ársbyrjun 2016. Í lok febrúar var skipaður innhúss hópur með starfsfólki velferðarráðuneytis/félagsmálaráðuneytisins. Í

honum áttu sæti Eva Margrét Kristinsdóttir, Ingi Valur Jóhannsson, Siv Friðleifsdóttir og Gylfi Kristinsson, sem leiddi starf hópsins. Í árslok 2016 kom fram ósk um skipun formlegrar nefndar sem yrði falinn undirbúningur afmælisráðstefnunnar. Þetta gekk eftir og við hópinn bættust: Bergþóra Halldórsdóttir (Samtökum atvinnulífsins), Inga Rún Ólafsdóttir (Sambandi íslenskra sveitarfélaga), Magnús M. Norðdahl (Alþýðusambandi Íslands) og Sonja Ýr Þorbergsdóttir (Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja). Að auki unnu með undirbúningsnefndinni: Eyjólfur Sæmundsson og Þórunn Sveinsdóttir (Vinnueftirliti ríkisins), Gissur Pétursson, Tryggvi Haraldsson og Unnur Sverrisdóttir (Vinnumálastofnun), Klara Baldursdóttir Briem (velferðarráðuneyti/félagsmálaráðuneyti) og Rósa Guðrún Erlingsdóttir og Ingibjörg Ruth Gülin (velferðarráðuneyti/forsætisráðuneyti). Á síðari stigum komu að undirbúningnum Marianna Traustadóttir (ASÍ), Dagný Aradóttir Pind (BSRB) og Kristín Þóra Harðardóttir (SA). Síðast en ekki síst skal nefna Sigrúnu Sigurðardóttur hjá Iceland Congress sem samið var við um að annast tæknilega hliðar á framkvæmd ráðstefnunnar. Sjónvarpsmaðurinn kunni, Eva Margrét Jónsdóttir, var fengin til að stjórna ráðstefnunni. Henni fórst það vel úr hendi.

Á fyrsta formlega fundi undirbúningsnefndarinnar í mars 2017 fóru fram lífleg skoðanaskipti um viðfangsefni ráðstefnunnar í Reykjavík 4. apríl 2019. Gagnrýni kom fram á þá hugmynd að einskorða hana við umræður og kynningu á jafnlaunastaðlinum. Ráðstefnan yrði mun áhugaverðari með viðtækari nálgun. Bent var á að fjölmargar rannsóknir benda til að bylting verði á skipulagi vinnunnar á næstu áratugum. Það muni færast í vöxt að verkkaupi hafi aðsetur í öðru landi en sá sem framkvæmir umbeðið verkefni. Ljóst er að verulega dregur úr þörfinni á viðveru á vinnustað, meðal annars vegna fjarvinnu. Á síðustu missirum væri mikið rætt um þau áhrif sem gervigreind hafi á vinnumarkaðinn. Kallað væri eftir auknum sveigjanleika í þessu sambandi. Einnig að því er varðar starfslok. Aukinn hraði og meiri kröfur um færni setji menntakerfið í nýja stöðu vegna þarfar fyrir fræðslu og þjálfun alla starfsævina. Mikilvægt og áhugavert viðfangsefni sé að varpa ljósi á það hvaða áhrif þetta hafi á samfélagsáttmálann. Samstaða væri um að ríkisvaldið annist tiltekin verkefni eins og heilsugæslu, menntun og ýmiss konar aðra félagslega þjónustu. Breytt skipulag vinnunnar geri spurninguna um fjármögnun þessarar þjónustu sérstaklega áhugaverða og aðkallandi. Nefnt var verkefnið *Global Deal* sem hafi að markmiði að takast á við afleiðingar hnattvæðingar þannig að ábati af henni verði til hagsbóta fyrir almennung. Um væri að ræða samstarfsverkefni ríkisstjórna, fyrirtækja, samtaka launafólks og annarra hagsmunaaðila sem vilja stuðla að bættum samskiptum á heimsvísu. Yfirskrift ráðstefnunnar gæti verið: *Breytt skipulag vinnunnar og framtíð samfélagsáttmálans*. Jafnréttismál og staða kynjanna á vinnumarkaði falli undir þá yfirskrift. Segja má að með þessum umræðum hafi línur verið lagðar varðandi viðfangsefni afmælisráðstefnunnar.

Undirbúningsnefndin mótað drög að dagskrá ráðstefnunnar. Þau voru kynnt fyrir norrænum fulltrúum þeirra ráðuneyta sem fara með málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þau voru einnig kynnt fyrir hlutaðeigandi starfsmönnum skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Náið samráð um dagskrána var haft við starfsmenn alþjóðavinnumálastofnunar í Genf.

Setning afmælisráðstefnunnar

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarpaði ráðstefnugesti við opnun afmælisráðstefnunnar. Félag- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, flutti setningarræðuna. Hann lýsti verkefni ráðstefnunnar þannig að henni væri æltað að brjóta til mergjar skýrslur sem teknar hafa verið saman á undanförunum misserum um

viðbrögð við fyrirsjáanlegum breytingum sem verða á vinnu og vinnuumhverfi á næstu árum og áratugum. Hann nefndi í því sambandi skýrslu heimsnefndar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar. Einnig áfangaskýrslu um sérstakt rannsóknarverkefni sem Norræna ráðherranefndin stofnaði til árið 2017. Einnig yrði gerð grein fyrir athyglisverðri skýrslu nefndar á vegum danskra stjórnvalda og skýrslu nefndar á vegum íslenska forsætisráðherra. Fram kom hjá ráðherra að á seinni ráðstefnu deginum yrði sjónum beint að stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum og fræðst um leiðir til að vinna að launajafnrétti og gegn kynbundnu misrétti í atvinnulífinu.

Félags- og barnamálaráðherra lauk ræðu sinni með því að vekja á því athygli að meðan á ráðstefnunni stæði yrði tækifærið notað til að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, frá árinu 2006. Með fullgildingunni myndu íslensk stjórnvöld hafnaeftirlitsmála öðlast valdheimildir til að beita fullnustuákvæðum gagnvart siglingum skipa sem uppfylla ekki alþjóðakröfur um aðbúnað, atvinnuréttindi, öryggi og hollustuhætti áhafna kaupskipa. Sama tækifæri yrði notað til að ganga frá fullgildingu Svíþjóðar á samþykkt stonunarinnar nr. 189, um þjónustufólk á heimilum.

Setningarræða félags- og barnamálaráðherra er fylgiskjal VI með þessari skýrslu.

Forstjóri alþjóðavinnuárástofnunarinnar, Guy Ryder, tók næstur til máls. Hann sagði Norðurlöndin hafa verið í aðalhlutverki við mótun reglna á sviði félags- og vinnumála. Framlag þeirra á þessu sviði hafi verið mikilvægt. Glæsilegur árangur þeirra heima fyrir hafi verið öðrum fordæmi. Í því fælist ef til vill mikilvægasta framlag Norðurlandanna til umbóta á sviði félags- og vinnumála. Forstjórinn gerði í ræðu sinni ítarlega grein fyrir niðurstöðum heimsnefndar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um framtíðarbreytingar í vinnumálum. Formennsku í þeirri nefnd gegndu Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, og Cyril Ramaphosa, forseti Suður-Afríku.

Nýr framkvæmdastjóri skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, Paula Lehotomäki, lagði áherslu á nán og góða samskipti á milli ráðherranefndarinnar og Alþjóðavinnuárástofnunarinnar. Þessi samskipti hafi verið uppspretta hugmynda og þekkingar. Hún sagði Norðurlöndin og Alþjóðavinnuárástofnunina hafa þurft að takast á við margvísleg viðfangsefni. Náð samráð við samtök aðila vinnumarkaðarins hafi leitt af sér athyglisverðan árangur til hagsbóta fyrir almenning. Í augsýn væru umtalsverðar breytingar. Í þeim fælust úrlausnarefni en jafnframt margvísleg tækifæri. Þar af leiðandi væri mikilvægt að eiga skoðanaskipti í því skyni að finna sameiginlegar lausnir. Hún kvaðst treysta því að Norðurlöndin, í samstarfi við Alþjóðavinnuárástofnunina, muni finna hentuga leið fram á veginn.

Dagskrá ráðstefnunnar er fylgiskjal XI með þessari skýrslu. Hún gefur góða mynd af umfangi ráðstefnunnar. Enn fremur er þar að finna nöfn þeirra sem lögðu sitt af mörkum til að gera hana sérstaklega áhugaverða og fróðlega.

Samantekt á því sem fram fór á ráðstefnunni hefur verið gefið út í sérriiti af skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Samantektina má einnig nálgast á netinu. Slóðin er: www.norden.org/nordpub

Fylgiskjal I

BREYTINGAR FRÁ 2018 Á SAMÞYKKT NR. 186, UM VINNUSKILYRÐI FARMANNA, 2006 (MLC)

Breytingar frá 2018 á kóða samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna frá 2006, með breytingum (MLC, 2006), sem ráðstefnan samþykkti á 107. þingsetu sinni í Genf 5. júní 2018

Breyting á kóða MLC, 2006, í tengslum við reglu 2.1

Viðmiðun A2.1 – Ráðningarsamningar farmanna

Eftirfarandi nýrri 7. mgr. er bætt við:

7. Hvert aðildarríki skal gera kröfu um að ráðningarsamningur farmanns gildi áfram verði farmanni haldið fönngum um borð í skipi eða utan skips í tengslum við sjórán eða vopnað sjórán sem beinist gegn skipum, óháð því hvort dagsetning ráðningar sé liðin eða annar hvor aðilinn hefur sagt henni upp tímabundið eða varanlega. Í þessari málsgrein er merking eftirtalinnna hugtaka sem hér segir:

- a) sjórán hefur sömu merkingu og kveðið er á um í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1982;
- b) vopnað rán, sem beinist gegn skipum, merkir ólögleg ofbeldis- eða haldsaðgerð eða hvers konar ruplaðgerð eða hótun um slíkt önnur en sjórán, sem gripið er til í eiginhagsmunaskyni og beinist gegn skipi eða gegn mönnum eða eignum um borð í þessu skipi á innsævi ríkis, eyjaklasahafi og í landhelgi, eða aðgerð, sem felur í sér að hvetja til hvers konar aðgerða eða auðvelda aðgerð af ásettu ráði, eins og lýst er hér að framan.

Breyting á kóða MLC, 2006, í tengslum við reglu 2.2

Viðmiðun A2.2 – Laun

Eftirfarandi nýrri 7. mgr. er bætt við:

7. Sé farmanni haldið fönngum um borð í skipi eða utan skips í tengslum við sjórán eða vopnað rán, sem beinist gegn skipi, skulu laun og önnur réttindi, samkvæmt ráðningarsamningi farmanna, öðrum tengdum ráðningarsamningum farmanna eða gildandi landslögum, þ.m.t. sending hvers konar úthlutunar eins og kveðið er á um í 4. mgr. þessara viðmiðana, áfram greidd á öllu tímabilinu sem farmanninum er haldið fönngum og þar til honum er sleppt og sendur með tilhlýðilegum hætti aftur til síns heima, í samræmi við viðmiðun A2.5.1, eða, ef farmaðurinn lætur lífið meðan honum er haldið fönngum, til þess dags sem hann deyr, eins og kveðið er á um í gildandi landslögum eða reglugerðum. Hugtökin sjórán og vopnað rán, sem beinast gegn skipum, hafa sömu merkingu og kveðið er á um í 7. mgr. viðmiðunar A2.1.

Breyting á kóða MLC, 2006, í tengslum við reglu 2.5

Leiðbeiningar B2.5.1 – Réttur

Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

8. Réttur til heimsendingar getur fallið úr gildi ef viðkomandi farmenn gera ekki kröfu um hana innan hæfilegs tíma, sem skilgreindur er í landslögum, reglugerðum eða kjarasamningum, nema þeim sé haldið fongnum um borð í skipi eða utan skipsins í tengslum við sjórán eða vopnað rán sem beinist gegn skipum. Hugtökin sjórán og vopnað rán, sem beinast gegn skipum, hafa sömu merkingu og kveðið er á um í 7. mgr. viðmiðunar A2.1.

Fylgiskjal II

Samþykkt um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

sem stjórnarnefnd alþjóðavinnuálastofnunarinnar kvaddi til setu í Genf, kom saman í 108. sinn á aldarafmælisþingi sínu hinn 10. júní 2019, og

hefur hugfast að með Filadelfíufirlýsingunni er staðfest að allar manneskjur, óháð kynþætti, trúarbrögðum eða kyni, eiga rétt á að njóta efnislegrar velsæðar og andlegs þroska við aðstæður þar sem frelsi og reisn, efnahagslegt öryggi og jöfn tækifæri eru í hávegum höfð, og

áréttar mikilvægi grundvallarsamþykktu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og

minnir á aðra viðeigandi alþjóðagæringna, svo sem almennu mannréttindafirlýsinguna og alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, alþjóðasamninginn um afnám alls kynþáttamisréttis, samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum, alþjóðasamninginn um verndun réttinda allra farandverkamanna og aðstandenda þeirra og samninginn um réttindi fatlaðs fólks, og

gerir sér ljóst að allir eiga rétt til vinnu án ofbeldis og áreitni, þ.m.t. kynbundið ofbeldi og áreitni, og

gerir sér ljóst að ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar getur falið í sér mannréttindabrot eða misnotkun og að ofbeldi og áreitni sé ógn við jöfn tækifæri, sé óviðunandi og ósamrýmanlegt mansæmandi vinnu, og

gerir sér ljóst mikilvægi þess að vinnumenning byggist á gagnkvæmri virðingu og reisn manneskjunnar til að koma í veg fyrir ofbeldi og áreitni, og

minnir á að aðildarríkin bera ríka ábyrgð á að skapa umhverfi laust við ofbeldi og áreitni og sjái þar með til þess að slík hegðun og háttsemi verði aldrei liðin og að allir þátttakendur í heimi vinnunnar láti af, komi í veg fyrir og takist á við ofbeldi og áreitni, og

viðurkennir að ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar hefur áhrif á andlega og líkamlega heilsu sem og kynheilbrigði, mannvirðingu og félagslegt umhverfi fjölskyldunnar, og

gerir sér ljóst að ofbeldi og áreitni hefur einnig áhrif á gæði þjónustu opinberra aðila og einkaaðila og getur komið í veg fyrir að einstaklingar, einkum konur, fái aðgang að vinnumarkaðnum, haldi þeim aðgangi og fái framgang í starfi, og

vekur athygli á að ofbeldi og áreitni er ósamrýmanlegt aukinni sjálfbærni fyrirtækja og hefur neikvæð áhrif á skipulagningu vinnunnar, samskipti á vinnustað, þátttöku starfsmanna, orðstír fyrirtækja og framleiðni, og

viðurkennir að kynbundið ofbeldi og áreitni hefur einkum áhrif á konur og stúlkur, og gerir sér ljóst að aðferðir sem stuðla að aðlögun, með samþættingu og kynjamiðaðri nálgun, sem taka á undirliggjandi orsökum og áhættuþáttum, þar á meðal staðalímyndum kynjanna, margþættri mismunun, samverkandi og ójöfnum kynbundnum valdtengslum, eru nauðsynlegar til að binda enda á ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, og

vekur athygli á að heimilisofbeldi getur haft áhrif á atvinnuþátttöku, framleiðni, heilbrigði og öryggi og að stjórnvöld, samtök atvinnurekenda og launfólks og vinnumarkaðsstofnanir geta aðstoðað, sem hluti af öðrum ráðstöfunum, við að viðurkenna og bregðast við afleiðingum heimilisofbeldis, og

hefur ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur er varða ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, sem er fimmti dagskrárliður þingsins, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar tillögur skuli verða í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag hinn 21. júní 2019 eftirfarandi samþykkt, sem vísa má til með heitinu „samþykkt um afnám ofbeldis og áreitni, 2019“:

I. Skilgreiningar

1. gr.

1. Í samþykkt þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - a) „ofbeldi og áreitni“ í heimi vinnunnar: margvísleg óviðunandi hegðun og háttsemi, eða hótun um slíkt, hvort sem það er eitt tilvik eða endurtekið, sem miðar að, leiðir til eða líklegt er að valdi líkamlegum, sálrænum, kynferðislegum eða efnahagslegum skaða og felur í sér kynbundið ofbeldi og áreitni;
 - b) „kynbundið ofbeldi og áreitni“: ofbeldi og áreitni sem beint er að einstaklingum vegna kyns þeirra eða kyngervis, eða beinist meira að einstaklingum af tilteknu kyni eða kyngervi, þar á meðal kynferðisleg áreitni.

2. Með fyrirvara um ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. þessarar greinar kann að vera kveðið á í landslögum og reglugerðum um skilgreiningar á einu hugtaki eða aðgreindum hugtökum.

II. Gildissvið

2. gr.

1. Samþykkt þessi verndar launafólk og aðra einstaklinga í heimi vinnunnar, þ.m.t. launafólk samkvæmt skilgreiningum í landslögum og samkvæmt lagaframkvæmd, svo og einstaklinga sem starfa án tillits til samningsstöðu sinnar, einstaklinga í þjálfun, þ.m.t. talið starfsnemar og fólk í vinnustaðanámi, launafólk sem sagt hefur verið upp störfum, sjálfbóðaliðar, atvinnuleitendur og umsækjendur um atvinnu, og einstaklingar sem fara með vald, gegna ábyrgð eða skyldum fyrir hönd atvinnurekanda.

2. Samþykkt þessi gildir um allar atvinnugreinar, hvort sem er í einkarekstri eða opinberum rekstri, bæði í formlega og óformlega hagkerfinu og hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

3. gr.

Þessi samþykkt gildir um ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar sem á sér stað í tengslum við eða stafar af vinnu:

- a) á vinnustað, þ.m.t. í almennu eða opinberu rými þar sem það telst vinnustaður;
- b) á stöðum þar sem starfsmaðurinn fær útborgað, hvílist eða matast eða notar aðstöðu til hreinlætis, þvotta eða fataskipta;
- c) í vinnutengdum ferðum, þjálfun, á viðburðum eða þar sem félagsleg samskipti eiga sér stað;
- d) í samskiptum tengdum vinnu, þ.m.t. þeim sem fara fram með upplýsinga- og fjarskiptatækni;
- e) í vistarverum sem atvinnurekandi útvegar; og
- f) þegar ferðast er til og frá vinnu.

III. Meginreglur

4. gr.

1. Hvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal virða, stuðla að því og gera sér grein fyrir því að allir eiga rétt á atvinnuþátttöku án ofbeldis og áreitni.

2. Hvert aðildarríki skal samþykkja, í samræmi við landslög og aðstæður og í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, aðferðir sem stuðli að aðlögun, með samþættingu jafnréttissjónarmiða, til að grípa til forvarna og aðgerða gegn ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar. Slík aðferð ætti að fjalla um ofbeldi og áreitni þar sem þriðji aðili á í hlut, þar sem við á, og felur í sér:

- a) að banna ofbeldi og áreitni með lögum;
- b) að tryggja að viðeigandi stefnur taki á ofbeldi og áreitni;
- c) að samþykkja víðtæka stefnu til að hrinda í framkvæmd ráðstöfunum í því skyni að fyrirbyggja og berjast gegn ofbeldi og áreitni;
- d) að koma á fót eða styrkja fullnustu- og eftirlitskerfi;
- e) að tryggja að þolendur hafi aðgang að úrræðum og stuðningi;
- f) að kveða á um viðurlög;
- g) að þróa úrræði, leiðbeiningar, stuðla að menntun, þjálfun og vitundarvakningu í þessum efnum með aðgengilegum hætti, eftir því sem við á; og
- h) að tryggja skilvirka leið til eftirlits og rannsóknar á tilvikum þar sem ofbeldi og áreitni hefur átt sér stað, þ.m.t. fyrir tilstuðlan vinnueftirlits eða annarra þar til bærra aðila.

3. Hvert aðildarríki skal við samþykkt og framkvæmd aðferðarinnar, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, vera meðvitað um ólík hlutverk og starfsemi stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks og viðkomandi samtaka þess, að teknu tilliti til mismunandi eðlis og umfangs ábyrgðar framangreindra aðila.

5. gr.

Til að koma í veg fyrir og útrýma ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar skal hvert aðildarríki virða, stuðla að og hrinda í framkvæmd grundvallarreglum og -réttindum í starfi, þ.e. félagafrelsi og virk viðurkenning á réttinum til að gera kjarasamninga, afnám hvers konar nauðungar- og skylduvinnu, afnám vinnu barna og afnám misréttis með tilliti til atvinnu og starfa auk þess að stuðla að mannsæmandi vinnu.

6. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög, reglugerðir og móta stefnu sem tryggir jafnrétti og jafna meðferð í starfi, þ.m.t. fyrir konur í atvinnulífinu, svo og fyrir launafólk og aðra einstaklinga sem tilheyra einum eða fleiri áhættuhópum eða varnarlausum hópum sem eru líklegri en aðrir til að verða fyrir áhrifum ofbeldis og áreitni í heimi vinnunnar.

IV. Vernd og forvarnir

7. gr.

Með fyrirvara um og í samræmi við 1. gr. skal hvert aðildarríki samþykkja lög og reglur til að skilgreina og banna ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, þ.m.t. kynbundið ofbeldi og áreitni.

8. gr.

Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, þar á meðal:

- a) viðurkenna mikilvægi hlutverks stjórnvalda þar sem launafólk, sem starfar í óformlega hagkerfinu, er annars vegar;
- b) Greina, í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks og á annan hátt, í hvaða atvinnugreinum eða störfum og vinnufyrirkomulagi launafólk og aðrir einstaklingar eru í meiri hættu en aðrir á að verða fyrir ofbeldi og áreitni; og
- c) gera ráðstafanir til að vernda slíka einstaklinga á áhrifaríkan hátt.

9. gr.

Hvert aðildarríki skal samþykkja lög og reglur þar sem kveðið er á um að atvinnurekendur skuli gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við þau tæki sem þeir hafa til að koma í veg fyrir ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, þ.m.t. kynbundið ofbeldi og áreitni, einkum að því marki sem unnt er til að:

- a) taka upp og framkvæma, í samráði við launafólk og fulltrúa þess, vinnustaðastefnu um ofbeldi og áreitni;
- b) hafa hliðsjón af ofbeldi og áreitni auk tengdra andlegra og félagslegra áhættuþátta í stjórnun mála tengdum öryggi og heilbrigði við vinnu;
- c) greina hættur og meta áhættu á ofbeldi og áreitni með þátttöku launafólks og fulltrúa þess og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir og hafa stjórn á þeim; og
- d) veita launafólki og öðrum tengdum einstaklingum upplýsingar og þjálfun á aðgengilegu formi, eftir því sem við á, um greinda hættu og áhættu á ofbeldi og áreitni og tengdum forvarnar- og verndarráðstöfunum, þ.m.t. um réttindi og skyldur launafólks og annarra einstaklinga sem málið varðar í tengslum við stefnuna sem um getur í a-lið þessarar greinar.

V. Framfylgd og úrræði

10. gr.

Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að:

- a) fylgjast með og framfylgja landslögum og -reglum um ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar;
- b) tryggja greiðan aðgang að viðeigandi og árangursríkum úrlausnum og öruggri, sanngjarnri og skilvirkri tilkynningarleið auk úrræða til lausnar deilumálum og málsmeðferð þegar ofbeldi og áreitni á sér stað í heimi vinnunnar, svo sem:
 - i. málsmeðferð um kvartanir og rannsóknir og, eftir því sem við á, úrræði innan vinnustaðar til lausnar deilumálum;
 - ii. úrræðum utan vinnustaðar til lausnar deilumálum;
 - iii. dómstólum eða öðrum úrskurðaraðilum;
 - iv. vernd gegn því að kvartendur, þolendur, vitni eða uppljóstrarar eiga á hættu að verða látnir gjalda fyrir gerðir sínar; og
 - v. lagalegum, félagslegum, læknisfræðilegum og stjórnsýslulegum stuðningsaðgerðum fyrir þá sem kvarta og þolendur;
- c) vernda einkalíf og gæta trúnaðar gagnvart viðkomandi, að því marki sem unnt er og eftir því sem við á, og tryggja að kröfur um einkalíf og trúnað séu ekki misnotaðar;
- d) kveða á um viðurlög, eftir því sem við á, ef um ofbeldi og áreitni er að ræða í heimi vinnunnar;

- e) kveða á um að þolendur kynbundins ofbeldis og áreitni í heimi vinnunnar hafi greiðan aðgang að kynjamiðuðum, öruggum og skilvirkum úrræðum til lausnar kæru- og ágreiningsmálum, stuðningi, þjónustu og úrlausnum;
- f) viðurkenna áhrif heimilisofbeldis og, eftir því sem unnt er, draga úr áhrifum þess í heimi vinnunnar;
- g) tryggja að launafólk hafi rétt til að hverfa úr vinnuaðstæðum, sem það hefur gilda ástæðu til að ætla að gæti stofnað lífi þess, heilbrigði eða öryggi í hættu, sökum ofbeldis og áreitni, án þess að þurfa að óttast óæskilegar afleiðingar þess, og skyldu til að upplýsa stjórnendur; og
- h) tryggja að vinnueftirlit og önnur viðeigandi stjórnvöld, eftir því sem við á, hafi tilskildar heimildir til að takast á við ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, þar á meðal með því að gefa fyrirmæli um úrbætur sem taka gildi þegar í stað, auk fyrirmæla um að stöðva vinnu í þeim tilvikum þegar bráð hætta er til staðar fyrir líf, heilbrigði eða öryggi, með fyrirvara um rétt til að skjóta málinu til dómstóla eða stjórnisýsluyfirvalda sem kann að vera kveðið á um í lögum.

VI. Leiðbeiningar, þjálfun og vitundarvakning

11. gr.

Hvert aðildarríki skal, í samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, leitast við að tryggja að:

- a) tekið sé á ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar í viðeigandi stefnu á landsvísu, svo sem um öryggi og heilbrigði við vinnu, jafnrétti og jafna meðferð einstaklinga og um fólksflutninga;
- b) atvinnurekendum og launafólki og samtökum þess og viðeigandi stjórnvöldum sé séð fyrir leiðbeiningum, mannafla, þjálfun eða öðrum úrræðum á aðgengilegu formi, eftir því sem við á, um ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, þ.m.t. um kynbundið ofbeldi og áreitni; og
- c) staðið verði fyrir framtaksverkefnum, þ.m.t. átaki til vitundarvakningar.

VII. Aðferðir við beitingu

12. gr.

Ákvæðum samþykktar þessarar skal beitt með landslögum og -reglugerðum svo og með kjarasamningum eða öðrum ráðstöfunum, sem eru í samræmi við venju innanlands, þ.m.t. með því að framlengja eða breyta núverandi ráðstöfunum um öryggi og heilbrigði við vinnu svo þær nái yfir ofbeldi og áreitni og þróa sérstakar ráðstafanir ef nauðsyn krefur.

VIII. Lokaákvæði

13. gr.

Formlegar fullgildingar samþykktar þessarar skulu sendar forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

14. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skrá fullgildingar sínar.
2. Samþykktin gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

15. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrir en einu ári eftir skrásetningu hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp á fyrsta ári hvers nýs tíu ára tímabils í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

16. gr.

1.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

17. gr.

Forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

18. gr.

Þegar stjórnarnefnd alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd samþykktar þessarar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar allrar eða hluta hennar.

19. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt, og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

- a) fullgilding aðildarríkis á hinn nýju samþykkt *ipso jure* hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 15. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
- b) aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda samþykkt þessa eftir að hin nýja endurskoðaða samþykkt hefur öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu hvað snertir form og efni gagnvart þeim aðildarríkjum sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

20. gr.

Enskur og franskur texti samþykktar þessarar er jafngildur.

Fylgiskjal III

Tilmæli um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til 108. þingsetu sinnar (afmælisfundar) í Genf hinn 10. júní 2019, eftir kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnuálastofnunar,

hefur samþykkt samþykkt um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, og

sem hefur ákveðið að samþykkja tilteknar tillögur er varða aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, sem er fimmta atriðið á dagskrá þingsins, og

hefur ákveðið að þessar tillögur skuli birtast í formi tilmæla til viðbótar við samþykkt um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, 2019,

samþykkir í dag, 21. júní 2019, eftirfarandi tilmæli, sem vísa má til með heitinu „tilmæli um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni, 2019“:

1. Ákvæði þessara tilmæla eru viðbót við ákvæði samþykktar um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni 2019 (hér á eftir nefnd „samþykktin“) og ætti að hafa hana í huga í tengslum við þau.

I. Meginreglur

2. Við samþykkt og framkvæmd aðgerða til aðlögunar, með samþættingu jafnréttissjónarmiða og kynjamiðaðri nálgun, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar, skulu aðilar takast á við ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar á sviði vinnu og ráðningar með ákvæðum í lögum um öryggi og heilbrigði við vinnu, um jafnrétti og jafna meðferð sem og í refsirétti, eftir því sem við á.

3. Aðilar ættu að tryggja að allt launafólk og atvinnurekendur, þ.m.t. í atvinnugreinum, störfum og vinnufyrirkomulagi þar sem aukin hætta er á ofbeldi og áreitni, njóti fulls félagafrelsis og virkrar viðurkenningar á réttinum til að gera kjarasamning í samræmi við samþykkt um félagafrelsi og verndun þess (nr. 87) frá 1948 og samþykkt um beitingu grundvallarreglna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949 (nr. 98).

4. Aðilar ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að:

- a) stuðla að skilvirkri viðurkenningu á réttinum til að gera kjarasamning á öllum stigum sem leið til að koma í veg fyrir og takast á við ofbeldi og áreitni og, að því marki sem unnt er, draga úr áhrifum heimilisofbeldis í heimi vinnunnar; og
- b) styðja við gerð kjarasamninga með söfnun og miðlun upplýsinga um tengda þróun og góðar starfsvenjur að því er varðar samningaviðræður og innihald kjarasamninga.

5. Aðilar ættu að tryggja að ákvæði um ofbeldi og áreitni í landslögum, reglugerðum og við stefnumörkun í málaflokknum taki mið af samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um jafnrétti og jafna meðferð, þ.m.t. samþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (nr. 100) og tilmæli (nr. 90), 1951, og samþykkt um misrétti með tilliti til atvinnu og starfs, 1958 (nr. 111) og tilmæli (nr. 111), 1958, og öðrum viðeigandi gerningum.

II. Vernd og forvarnir

6. Í ákvæðum landslaga, reglugerða og stefnumiða um öryggi og heilbrigði við vinnu í tengslum við ofbeldi og áreitni ætti að taka tillit til viðeigandi vinnuverndar- og heilsufarsgeringa Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar, svo sem samþykktar um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, 1981, (nr. 155), og rammisamþykktar um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, 2006 (nr. 187).

7. Aðilar skulu, eftir því sem við á, kveða á um í lögum og reglugerðum að launafólki og fulltrúum þeirra beri að taka þátt í ritun, framkvæmd og eftirliti með vinnustaðastefnu, sem um getur í a-lið 9. gr. samþykktarinnar, og í slíkri stefna ætti að:

- a) staðhæfa að ofbeldi og áreitni verði ekki liðið;
- b) gera aðgerðaáætlanir gegn ofbeldi og áreitni með mælanlegum markmiðum, ef við á;
- c) tilgreina réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda;
- d) ræða upplýsingar um kærur og málsmeðferð rannsóknar;
- e) fela í sér að öll innri og ytri samskipti sem tengjast atvikum sem fela í sér ofbeldi og áreitni verði skoðuð gaumgæfilega og meðhöndluð eftir því sem við á;
- f) tilgreina réttinn til einkalífs einstaklinga og trúnaðar, eins og um getur í c-lið 10. gr. samþykktarinnar, en gæta þess jafnframt að launafólk eigi rétt á að fá að vita af öllum hættum; og
- g) fela í sér ráðstafanir til að vernda kvartendur, þolendur, vitni og uppljóstrara fyrir því að verða látnir gjalda fyrir gerðir sínar.

8. Við gerð áhættumats á vinnustað, sem um getur í c-lið 9. gr. samþykktarinnar, skal hafa hliðsjón af þáttum sem auka líkurnar á ofbeldi og áreitni, þar á meðal andlegri og félagslegri vá og áhættu.

Sérstaklega ætti að beina athygli að vá og áhættu:

- a) sem á rót að rekja til vinnuskilyrða og vinnufyrirkomulags, skipulags vinnu og mannauðsstjórnunar, eftir því sem við á;
- b) þar sem þriðji aðili, eins og skjólstæðingur, viðskiptavinur, þjónustuveitandi, notandi, sjúklingur og almennur borgari, á í hlut; og
- c) sem stafar af mismunun, misnotkun á valdatengslum og kynbundnum, menningarlegum og félagslegum viðmiðum sem styðja ofbeldi og áreitni.

9. Aðilar ættu að samþykkja viðeigandi ráðstafanir í atvinnugreinum, störfum og vinnufyrirkomulagi þar sem meiri hættu er á ofbeldi og áreitni en í öðrum greinum, svo sem í næturvinnu, vinnu í einangruðu rými, heilbrigðisþjónustu, gestaþjónustu, félagsþjónustu, neyðarþjónustu, við heimilisstörf, í samgöngum, í mennta- eða skemmtiþjónustu.
10. Aðilar ættu að setja lög eða beita öðrum ráðstöfunum til að vernda farandverkafólk, sérstaklega farandlaunakonur, óháð stöðu farandfólks í upprunalöndum, löndum sem farið er um eða ákvörðunarlöndum, eftir því sem við á, gegn ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar.
11. Til að auðvelda umskipti frá óformlegu yfir í formlegt hagkerfi ættu aðilar að veita fjármagn til og aðstoða launafólk og atvinnurekendur í óformlega hagkerfinu og samtök í því skyni að koma í veg fyrir og takast á við ofbeldi og áreitni í óformlega hagkerfinu.
12. Aðilar ættu að sjá til þess að ráðstafanir til að koma í veg fyrir ofbeldi og áreitni leiði ekki til skertrar þátttöku í tilteknum störfum, atvinnugreinum eða atvinnu eða útilokunar kvenna og þeirra hópa sem um getur í 6. gr. samþykktarinnar frá þeim.
13. Túlka ber tilvísun til varnarlausra hópa og hópa sem búa við varnarleysi, skv. 6. gr. samþykktarinnar, í samræmi við gildandi alþjóðlega vinnustaðla og alþjóðagerninga um mannréttindi.

III. Fullnusta, úrræði og aðstoð

14. Þau úrræði sem um getur í b-lið 10. gr. samþykktarinnar gætu falið í sér:
- réttinn til að segja upp með starfslokagreiðslu;
 - endurskipun;
 - viðeigandi skaðabótagreiðslu;
 - ákvörðun sem krefst þess að gripið verði til tafarlausra ráðstafana til að tryggja að ákveðin háttsemi sé stöðvuð eða að stefnu eða starfsháttum sé breytt; og
 - lögfræðikostnað og kostnað samkvæmt landslögum og venjum.
15. Þólandur ofbeldis og áreitni í heimi vinnunnar ættu að eiga rétt á skaðabótum ef þeir verða fyrir andlegu, félagslegu, líkamlegu eða hvers kyns öðru tjóni eða veikindum sem leiða til óvinnufærni.
16. Lausn kær- og ágreiningsmála um kynbundið ofbeldi og áreitni, sem um getur í e-lið 10. gr. samþykktarinnar, skal fela í sér ráðstafanir svo sem:
- meðferð fyrir dómstólum með sérfræðipækkingu í tilvikum kynbundins ofbeldis og áreitni;
 - tímanlega og skilvirka málsmeðferð;

- c) lögfræðiráðgjöf og aðstoð fyrir kvartendur og þolendur;
- d) handbækur og aðrar upplýsingaveitur sem eru tiltækar og aðgengilegar á þeim tungumálum sem fjölmargir tala í landinu; og
- e) að snúa sönnunarbyrðinni við, eftir atvikum, í öðrum dómsmálum en sakamálum.

17. Stuðningurinn, þjónustan og úrlausnir fyrir þolendur kynbundins ofbeldis og áreitni, sem um getur í e-lið 10. gr. samþykktarinnar, skulu fela í sér ráðstafanir eins og:

- a) stuðning til að hjálpa þolendum að snúa aftur á vinnumarkaðinn;
- b) aðgengilega ráðgjöf og upplýsingaþjónustu eftir því sem við á;
- c) ábendingalínu allan sólarhringinn;
- d) neyðarþjónustu;
- e) læknishjálp og meðferð og sálfræðilegan stuðning;
- f) neyðarmiðstöðvar, þ.m.t. athvarf; og
- g) sérhæfðar lögreglusveitir eða sérþjálfaða lögreglumenn til að styðja þolendur.

18. Viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhrifum heimilisofbeldis í heimi vinnunnar, sem um getur í f-lið 10. gr. samþykktarinnar, gætu falið í sér:

- a) orlof fyrir þolendur heimilisofbeldis;
- b) sveigjanlegt vinnufyrirkomulag og vernd þolenda heimilisofbeldis;
- c) tímabundin vernd gegn brottrekstri þolenda heimilisofbeldis, eftir því sem við á, nema af ástæðum sem tengjast ekki heimilisofbeldi og afleiðingum þess;
- d) að heimilisofbeldi sé liður í áhættumati á vinnustað;
- e) tilvísunarkerfi fyrir opinberar mótvægisáðgerðir vegna heimilisofbeldis, þar sem þær eru fyrir hendi; og
- f) vitundarvakningu um áhrif heimilisofbeldis.

19. Gerendur í ofbeldis- og áreitnimálum í heimi vinnunnar ættu að sæta ábyrgð og undirgangast ráðgjöf eða sæta öðrum ráðstöfunum, þar sem við á, með það fyrir augum að koma í veg fyrir að ofbeldi og áreitni endurtaki sig og auðvelda endurkomu þeirra til vinnu, þar sem við á.

20. Vinnueftirlitsmenn og embættismenn annarra lögbærra yfirvalda, eftir því sem við á, ættu að undirgangast þjálfun í kynjamiðaðri nálgun í því skyni að greina og takast á við ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, þ.m.t. sálfélagsleg hætta og -áhætta,

kynbundið ofbeldi og áreitni og mismunun sem beinist gegn tilteknum hópum launafólks.

21. Umboð innlendra aðila, sem bera ábyrgð á vinnueftirliti, öryggi og heilbrigði við vinnu, jafnréttismálum og málefnum um jafna meðferð, þ.m.t. jafnrétti kynjanna, ætti að taka til ofbeldis og áreitni í heimi vinnunnar.

22. Aðilar ættu að leitast við að safna og birta tölfræðileg gögn um ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar sem eru sundurgreind eftir kyni, tegund ofbeldis og áreitni og greinum atvinnulífsins, þ.m.t. flokkarnir sem um getur í 6. gr. samþykktarinnar;

IV. Leiðbeiningar, þjálfun og átak til vitundarvakningar

23. Aðilar ættu að fjármagna, þróa, innleiða og miðla eftir því sem við á:

- a) áætlunum sem miða að því að sporna gegn þáttum sem auka líkurnar á ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, þar á meðal mismunun, misnotkun valdatengsla og kynbundinna, menningarlegra og félagslegra viðmiðana sem styðja ofbeldi og áreitni;
- b) kynbundnum viðmiðunarreglum og þjálfunaráætlunum til að aðstoða dómara, vinnueftirlitsmenn, lögreglumenn, saksóknara og aðra opinbera embættismenn við að sinna starfi sínu hvað varðar ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, svo og til að aðstoða atvinnurekendur hjá hinu opinbera og í einkarekstri og launafólk og samtök þess við að koma í veg fyrir og takast á við ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar;
- c) fyrirmyndum af starfsreglum og áhættumatstæki til að fyrirbyggja ofbeldi og áreitni í heimi vinnunnar, annaðhvort almenns eðlis eða sérþækt fyrir tilteknar atvinnugreinar, með hliðsjón af sérstökum aðstæðum starfsmanna og annarra einstaklinga sem tilheyra hópunum sem um getur í 6. gr. samþykktarinnar;
- d) opinberu átakti um vitundarvakningu sem útbúið er á ýmsum tungumálum landsins, þar á meðal fyrir farandlaunafólk sem búsett er í landinu, þar sem fjallað er um óviðunandi ofbeldi og áreitni, einkum kynbundið ofbeldi og áreitni, tekið er á viðhorfum sem endurspeglar mismunun og komið í veg fyrir útskúfun þolenda, kvartenda, vitna og uppljóstrara;
- e) kynmiðuðum námskrám og kennsluefni um ofbeldi og áreitni, þ.m.t. kynbundið ofbeldi og áreitni, á öllum stigum menntunar og starfsþjálfunar, í samræmi við landslög og aðstæður;
- f) efni fyrir blaðamenn og annað starfsfólk fjölmiðla um kynbundið ofbeldi og áreitni, þ.m.t. undirliggjandi orsakir þess og tengda áhættuþætti, með fullri virðingu fyrir sjálfstæði þeirra og tjáningarfrelsi; og
- g) opinberum herferðum sem miða að því að stuðla að því að vinnustaðir séu öruggir, heilnæmir og samstilltir og lausir við ofbeldi og áreitni.

Framangreint er staðfestur texti tilmælanna sem var samþykktur með viðeigandi hætti af hálfu allsherjarþings Alþjóðavinnuálastofnunarinnar sem kom saman til 108. þingsetu sinnar í Genf og var formlega slitið 21. júní 2019.

Þessu til staðfestingar höfum við ritað nöfn okkar á þessum degi í júní 2019:

Fylgiskjal IV

Yfirlýsing 108. Alþjóðavinnuálagingsins í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnuálastofnunarinnar

Alþjóðavinnuálagið, sem kom saman í Genf á 108. þingi sínu í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO), hefur í huga að reynsla síðustu aldar hefur fært sönnur á að viðvarandi og samstilltar aðgerðir stjórnvalda og fulltrúa atvinnurekenda og launafólks eru grundvallarskilyrði þess að ná fram félagslegu réttlæti, lýðræði og stuðla að varanlegum friði á heimsvísu;

viðurkennir að slíkar aðgerðir hafi skilað sögulegum framförum í efnahagslegu og félagslegu tilliti sem hafa stuðlað að mannúðlegum skilyrðum við vinnu;

hefur í huga að fátækt, misrétti og óréttlæti, átök, hamfarir og annað neyðarástand á sviði mannúðarmála víða um heim, ógnar þessum framförum, sameiginlegri velferð og mannsæmandi vinnu fyrir alla;

tekur fram og staðfestir markmiðin, tilganginn, meginreglurnar og umboðið sem sett eru fram í stofnskrá Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og Filadelfiuyfirlýsingunni frá 1944;

leggur áherslu á mikilvægi yfirlýsingar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um grundvallarréttindi í atvinnulífinu (1998) og yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu (2008);

hefur að leiðarljósi að félagslegt réttlæti, sem var hvatinn að stofnun

Alþjóðavinnuálastofnunarinnar fyrir hundrað árum, og þá sannfæringu að það er í höndum stjórnvalda, atvinnurekenda og launafólks heimsins að styrkja og viðhalda stofnuninni og móta framtíð vinnunnar þannig að hún samræmist grunnildum hennar;

viðurkennir að félagsleg samræða stuðlar að heildarsamheldni samfélaga og skiptir sköpum fyrir skilvirkt og afkastamikið hagkerfi;

viðurkennir einnig að hið mikilvæga hlutverk sjálfbærra fyrirtækja skapar atvinnutækifæri og stuðlar að nýsköpun og mannsæmandi vinnu;

áréttar að vinnuafli er ekki verslunarvara;

er staðráðið í að vinnuumhverfi heimsins sé laust við ofbeldi og áreitni;

undirstrikar einnig mikilvægi þess að efla fjölþjóðlegt samstarf, sérstaklega við mótun þeirrar framtíðar vinnunnar sem við kjósum og þegar tekist er á við áskoranir í heimi vinnunnar;

skorar á alla þríhliða aðila að Alþjóðavinnuálastofnuninni að árétta staðfasta skuldbindingu sína og að endurnýja viðleitni sína til að ná fram félagslegu réttlæti og alhliða og varanlegum friði sem þeir samþykktu 1919 og 1944;

og

æskir þess að stjórnskipulag Alþjóðavinnumálastofnunarinnar verði lýðræðislegra með því að tryggja sanngjarna dreifingu fulltrúa sinna frá öllum heimshlutum og koma á meginreglunni um jafnræði aðildarríkjana;

sambýkkir á þessum degi hinn 21. júní 2019, á afmælisári stofnunarinnar, þessa yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um framtíðarsýn vinnumála.

I

Ráðstefnan lýsir eftirfarandi yfir:

- A. Alþjóðavinnumálastofnunin heldur upp á aldarafmæli sitt um þær mundir sem umbreyting á heimi vinnunnar er knúin áfram af tækninýjungum, lýðfræðilegum breytingum, umhverfis- og loftslagsbreytingum og hnattvæðingu, en einnig á tímum viðvarandi misréttis sem hefur mikil áhrif á eðli og framtíðarsýn vinnumála og á hlutverk og reisn fólks í því samhengi.
- B. Mjög brýnt er að bregðast skjótt við, grípa tækifærin sem gefast og takast á við þau krefjandi viðfangsefni sem miða að því að móta sanngjarna, altæka og örugga framtíðarsýn vinnumála með fullri, arðbærri og valfrjálsri atvinnu og mannsæmandi vinnu fyrir alla.
- C. Slík framtíðarsýn vinnumála er grundvallaratriði fyrir sjálfbæra þróun sem bindur enda á fátækt og útilokar engan.
- D. Alþjóðavinnumálastofnunin þarf að halda ótraud inn í aðra öld sína með óbilandi þrótti samkvæmt stjórnskipulegu umboði sínu í því skyni að ná fram félagslegu réttlæti með því að þróa enn frekar nálgun sína á framtíðarsýn vinnumála með manneskjuna í fyrirrúmi sem gerir réttindi launafólks og þarfir, væntingar og réttindi alls fólks að miðpunkti efnahagslegrar-, félagslegrar- og umhverfisvænnar stefnu.
- E. Vöxtur stofnunarinnar undanfarin hundrað ár í átt að aðild allra ríkja þýðir að hægt er að ná fram félagslegu réttlæti í öllum heimshlutum og að aðeins er hægt að tryggja óskert framlag allra hinna þríhliða aðila að Alþjóðavinnumálastofnuninni til þessarar viðleitni með fullri, jafnri og lýðræðislegri þátttöku þeirra í þríhliða stjórnskipun sinni.

II

Þingið lýsir eftirfarandi yfir:

A. Með því að framfylgja stjórnskipulegu umboði sínu, með hliðsjón af hinum miklu umbreytingum í heimi vinnunnar og með því að hlúa enn frekari að þeirri sýn sinni að maðurinn sé miðpunktur í framtíðarsýn vinnumála verður Alþjóðavinnumálastofnunin að beina kröftum sínum að því:

- i) að tryggja réttlát umskipti til framtíðar vinnunnar sem stuðlar að sjálfbærri þróun í efnahagslegu-, félagslegu- og umhverfislegu tilliti;
 - ii) að nýta til fulls möguleika tækniframfara og framleiðni aukningar, þ.m.t. með samningaviðræðum aðila vinnumarkaðarins, til að uppskera mannsæmandi vinnu og sjálfbæra þróun, sem tryggir reisn, lífsfyllingu og réttláta skiptingu ávinnings milli allra;
 - iii) að efla færni, hæfni og hæfileika alls launafólks alla starfsævi sína og að það sé á sameiginlegri ábyrgð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins:
 - að takast á við núverandi og verðandi skort á færni;
 - að huga sérstaklega að því að tryggja að menntun og þjálfunarkerfi séu móttækileg fyrir þarfir vinnumarkaðarins með hliðsjón af þróun vinnunnar;
- og
- að auka getu launafólks til að nýta tækifærin sem eru í boði fyrir mannsæmandi vinnu;
- iv) að stuðla að árangursríkri stefnumótun sem miðar að því að skapa full, arðbær og valfrjáls tækifæri til mannsæmandi vinnu fyrir alla og auðvelda einkum umskipti frá menntun og þjálfun til vinnu með áherslu á skilvirka samþættingu ungs fólks inn í heim vinnunnar;
 - v) að styðja ráðstafanir sem hjálpa eldra launafólki við að fjölga valmöguleikum sínum, hámarka möguleika sína til að vinna við góðar, arðbærar og heilsusamlegar aðstæður fram að starfslokum og að stuðla að virkni þeirra á efri árum;
 - vi) að tryggja að réttindi launafólks séu lykilatriði við að ná fram altækum og sjálfbærum vexti með áherslu á félagafrelsi og virka viðurkenningu á réttinum til þess að gera kjarasamninga;
 - vii) að ná fram jafnrétti kynja á vinnumarkaði með breyttum áherslum og með reglulegu mati á árangri sem náðst hefur, sem:

- tryggir jöfn tækifæri, jafna þátttöku og jafna meðferð, þ.m.t. jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf;
 - stuðlar að betri skiptingu fjölskylduábyrgðar;
 - veitir svigrúm til að ná betra jafnvægi milli vinnu og einkalífs með því að gera launafólki og atvinnurekendum kleift að koma sér saman um lausnir, þar með talið um vinnutíma, sem hafa þarfir þeirra og ávinning að leiðarljósi;
- og
- stuðlar að fjárfestingu í umönnunarhagkerfinu;
- viii) að tryggja jöfn tækifæri og jafna meðferð í heimi vinnunnar fyrir fólk með fötlun sem og fyrir aðra einstaklinga sem eiga undir högg að sækja;
 - ix) að styðja við að hlutverk einkageirans sem meginuppsprettu hagvaxtar og atvinnusköpunar með því að tala fyrir uppbyggjandi umhverfi fyrir frumkvöðlastarfsemi og sjálfbær fyrirtæki, einkum örlítill, lítill og meðalstór fyrirtæki, samvinnufélög og efnahagseiningar byggðar á félagslegum grunni og samstöðu, í því skyni að skapa mannsæmandi störf, arðbæra atvinnu og bæta lífsskilyrði allra;
 - x) að styðja við hlutverk hins opinbera sem stórs atvinnurekanda sem veitir opinbera gæðaþjónustu;
 - xi) að styrkja innviði stjórnsýslu vinnumála og vinnueftirlits;
 - xii) að tryggja að fjölbreytt vinnufyrirkomulag, framleiðslu- og viðskiptalíkön, þ.m.t. í innlendum og alþjóðlegum aðfangakeðjum, skapi tækifæri til félagslegra og efnahagslegra framfara, skapi mannsæmandi vinnu og stuðli að fullri, arðbærri og valfrjálstri atvinnu;
 - xiii) að uppræta nauðungar- og barnavinnu og stuðla að mannsæmandi vinnu fyrir alla og hlúa að samvinnu yfir landamæri, þar með talið á svæðum eða í atvinnugeirum þar sem alþjóðlegur samruni er mikill;
 - xiv) að stuðla að umskiptum frá óformlega hagkerfinu til hins formlega, samtímis því að huga nægilega að afskiptari byggðum;
 - xv) að þróa og efla velferðarkerfi sem eru fullnægjandi, sjálfbær og löguð að þróun í heimi vinnunnar;

xvi) að dýpka og auka vinnu sína í tengslum við alþjóðlega búferlaflutninga vinnuafli til að bregðast við þörfum hinna þríhliða aðila að ILO og taka að sér leiðtogahlutverk við að tryggja mannsæmandi vinnu í tengslum við búferlaflutninga vinnuafli;

og

xvii) að efla þátttöku og samvinnu innan fjölþjóðlega kerfisins með það fyrir augum að styrkja samþætta stefnumótun og viðurkenna samtímis að:

– mannsæmandi vinna er lykillinn að sjálfbærri þróun til að takast á við ójafna tekjuskiptingu og til að uppræta fátækt, með sérstaka áherslu á svæði þar sem átök, hörmungar og annað neyðarástand hefur skapast á sviði mannúðarmála;

og

– í heimi hnattvæðingar þar sem aðgerðaleyfi landa við að skapa mannúðlegar vinnuáðstæður stendur í vegi fyrir framförum í öllum öðrum löndum sem aldrei fyrir.

B. Samningaviðræður aðila vinnumarkaðarins, þar með talið kjarasamningur og þríhliða samvinna, eru nauðsynleg undirstaða allra aðgerða Alþjóðavinnuálastofnunarinnar ILO og stuðla að árangursríkri stefnumótun og ákvarðanatöku í aðildarríkjum stofnunarinnar.

C. Árangursrík samvinna á vinnustað er verkfæri til að tryggja örugga og arðbæra vinnustaði, með þeim hætti að stuðla að virðingu fyrir kjarasamnings viðræðum og niðurstöðum þeirra, og grefur ekki undan hlutverki stéttarfélaga.

D. Örug og heilnæm vinnuskilyrði eru grundvöllur mannsæmandi vinnu.

III

Þingið hvetur öll aðildarríki, að teknu tilliti til innlendra aðstæðna, til að vinna að því hvert í sínu lagi og sameiginlega, á grundvelli þríhliða samstarfs og samningaviðræðna aðila vinnumarkaðarins og með stuðningi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, að laga manneskjumiðaða nálgun sína enn frekar að framtíðarsýn vinnumála með því að:

A. Styrkja getu allra til að njóta góðs af tækifærum sem skapast við breytingar í heimi vinnunnar með:

- i) virkri raungerð jafnréttis kynjanna hvað varðar tækifæri og meðferð;
- ii) árangursríkri símenntun og gæðamenntun fyrir alla;

iii) aðgengi allra að viðtækri og sjálfbærri félagslegri vernd;

og

iv) með skilvirkum ráðstöfunum til að aðstoða fólk við að takast á við þær umbreytingar sem það mun standa frammi fyrir alla starfsævina.

B. Styrkja stofnanir á sviði vinnumála til að tryggja fullnægjandi vernd alls launafólks og áréttu áframhaldandi mikilvægi ráðningarsambandsins sem leið til að veita launafólki fyrirsjáanlegt öryggi og lögvernd, jafnframt því að viðurkenna umfang óformlega hagkerfisins og nauðsyn þess að tryggja árangursríkar aðgerðir til að ná fram umskiptum til hins formlega hagkerfis.

Allt launafólk ætti að njóta fullnægjandi verndar í samræmi við áætlunina um mannsæmandi vinnu, að teknu tilliti til:

i) virðingar fyrir grundvallarréttindum þess;

ii) fullnægjandi lágmarkslauna, lögbundinna eða samningsbundinna;

iii) hámarksvinnutíma;

og

iv) öryggis og heilsu við vinnu.

C. Að stuðla að sjálfbærum hagvexti án aðgreiningar, fullri og arðbærri atvinnu og mannsæmandi vinnu fyrir alla með:

i) þjóðhagsstefnu sem hefur þessi framangreindu atriði sem meginmarkmið;

ii) stefnu á sviði viðskipta, iðnaðar og þverfaglegar stefnumótunar sem stuðla að mannsæmandi vinnu og auka framleiðni;

iii) fjárfestingum í innviðum og í mikilvægum geirum til að beina sjónum að drifkrafti breytinga í heimi vinnunnar;

iv) stefnumótun og framtaksverkefnum sem stuðla að sjálfbærum hagvexti án aðgreiningar, að uppbyggingu og þróun sjálfbærra fyrirtækja, nýsköpun og umskiptum frá óformlegu hagkerfi yfir í hið formlega og stuðla að samræmingu viðskiptahátta við markmið þessarar yfirlýsingar;

og

- v) stefnumótun og ráðstöfunum sem tryggja viðhlítandi friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga og bregðast við áskorunum og tækifærum í heimi vinnunnar sem tengjast stafrænni þróun hennar, þar með talið netvangsvinnu.

IV

Þingið lýsir eftirfarandi yfir:

- A. Samþykkt, kynning, fullgilding og eftirlit með alþjóðlegum samþykktum og tilmælum um vinnuskilyrði er grundvallaratriði fyrir Alþjóðavinnuálastofnunina. Þetta kallar á að stofnunin hafi yfir að ráða og komi á framfæri skýrum, öflugum og uppfærðum alþjóðlegum samþykktum og tilmælum um vinnuskilyrði og auki gagnsæi enn frekar. Með samþykkt alþjóðlegra samþykktu og tilmæla um vinnuskilyrði þarf einnig að bregðast við breyttum aðstæðum í heimi vinnunnar, vernda launafólk og taka tillit til þarfa sjálfbærra fyrirtækja og það verður að fylgja þeim eftir með opinberu og skilvirku eftirliti. Alþjóðavinnuálastofnunin mun aðstoða aðildarríki sín við fullgildingu og árangursríka framkvæmd samþykktu og tilmæla.
- B. Öll aðildarríkin ættu að vinna að fullgildingu og framkvæmd grundvallarsamþykktu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og ígrunda reglulega, í samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks, fullgildingu annarra samþykktu og tilmæla stofnunarinnar.
- C. Það er skylda Alþjóðavinnuálastofnunarinnar að búa svo um hnútana að hinir þríhliða aðilar stofnunarinnar geti:
- i) hvatt til uppbyggingar sterkra samtaka atvinnurekenda og launafólks sem geta komið fram í sterku umboði;
 - ii) tekið þátt í öllum viðeigandi ferlum, þ.m.t. með vinnumarkaðsstofnunum, við gerð áætlana og mótunar stefnu, innan og yfir landamæri;
- og
- iii) tekið á öllum grundvallarreglum og réttindum við vinnu, á öllum stigum, eftir því sem við á, með sterkum, áhrifamiklum aðferðum án aðgreiningar í samningaviðræðum aðila vinnumarkaðarins, í þeirri sannfæringu að slíkt umboð og skoðanaskipti stuðli að heildarsamheldni samfélaga, séu í þágu almannahagsmuna og skipti sköpum fyrir skilvirkt og arðbært hagkerfi.
- D. Þjónustan sem Alþjóðavinnuálastofnunin býður aðildarríkjum sínum og aðilum vinnumarkaðarins, einkum með þróunarsamvinnu, verður að vera í samræmi við umboð stofnunarinnar og byggjast á fullum skilningi og gaumgæfni á fjölbreyttum aðstæðum þeirra,

þörfum, forgangsröðun og þróunarstigi, þ.m.t. með aukinni samvinnu milli þróunarríkja og þriggja arma samvinnu.

E. Alþjóðavinnuálastofnunin ætti að viðhalda hæsta stigi tölfræðilegrar rannsókn- og þekkingarstjórnunargetu og sérfræðiþekkingar til að styrkja enn frekar gæði gagnreyndrar ráðgjafar um stefnumótun.

F. Á grundvelli stjórnskipulegs umboðs síns þarf Alþjóðavinnuálastofnunin að taka að sér mikilvægt hlutverki í fjölþjóðlega kerfinu með því að styrkja samvinnu sína og þróa stofnanafyrirkomulag í tengslum við aðrar stofnanir til að stuðla að samþættri stefnumótun í viðleitni sinni í átt að manneskjumiðaðri nálgun framtíðarsýnar vinnumála, að teknu tilliti til flókinna og mikilvægra tenginga stefnumótunar á sviði samfélags-, viðskipta-, fjárhags-, efnahags- og umhverfismála.

Framangreint er yfirlýsing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar á aldarafmæli hennar um framtíðarsýn vinnumála, sem staðfest var af allsherjarþingi á 108. þingi hennar, sem haldið var í Genf og slitið 21. júní 2019.

Í ÞEIRRI TRÚ höfum við ritað nöfn okkar undir hana á þessum degi, 21. júní 2019:

Forseti þingsins,

JEAN-JACQUES ELMIGER

Forstjóri alþjóðavinnuálastofnunarinnar,

GUY RYDER

Fylgiskjal V

Ávarp Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og jafnréttismálaráðherra, á 107. þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar í Genf 1. júní 2018

Þingforseti, varaforsetar, herrar mínir og frúr.

Það er mér sönn ánægja að ávarpa þetta 107. þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Ég vil byrja á því að þakka forstjóranum og starfslíði hans fyrir frábært starf og þannig auðveldað þingstörfin.

Aðgerðir til að binda endi á ofbeldi og áreitni á vinnustöðum er eitt aðalviðfangsefni þingsins að þessu sinni. Við höfum á síðasta vetri orðið vitni að því í gegnum fjölmiðla, þökk sé hreyfingunni sem kennd er við Me too, að kynferðisleg áreitni og ofbeldi er útbreitt fyrirbrigði í samfélögum okkar, einkum á vinnustöðum.

Áreitni gagnvart konum og stúlkum á rót að rekja til kynferðislegrar mismununar, félagslegra gilda og staðlaðra ímynda, byggðum á kyni. Með tilliti til þeirra mannskemmandi áhrifa sem áreitni hefur á konur hafa viðbrögð fyrst og fremst beinst að afleiðingunum fyrir þolendur. Þessu þarf að breyta. Árangursríkasta leiðin til að binda endi á áreitni og ofbeldi gagnvart konum og stúlkum er að koma í veg fyrir að slíkt gerist með því að beina sjónum að því sem veldur fyrirbrigðinu. Aðgerðir eiga að byrja snemma með fræðslu ungra drengja og stúlkna þar sem lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu og jafnrétti kynjanna.

Þrátt fyrir alþjóðlegar áætlanir sem staðið hafa árum saman með það að markmiði að binda endi á barnavinnu er staðreyndin sú að enn eru milljónir barna um heim allan í vinnu. Við verðum einnig vitni að því að karlar, konur og börn eru dag hvern þolendur nútíma nauðungarvinnu. Eitt er víst, við megum ekki gefast upp í baráttunni gegn ofbeldi gagnvart fólki – slíku verður að linna. Við verðum að halda áfram árangursríkri vinnu að þessu markmiði, til dæmis með þátttöku í verkefnum á vegum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Norrænn vinnumarkaður er vel skipulagður með öflugum samtökum atvinnurekenda og samtökum launafólks sem semja um kaup og kjör í kjarasamningum. Ég fagna umræðum sem eiga sér stað hér á þinginu um mikilvægi þríhliða viðræðna ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins. Við eigum sameiginlega að senda út þau skilaboð að ofbeldi eigi ekki heima á vinnustöðum.

Við látum okkur varða jafnrétti á vinnustöðum. Eftir áralanga baráttu fyrir því að konur og karlar fái jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf hafa íslensk stjórnvöld og samtök aðila vinnumarkaðarins komist að samkomulagi um mótun jafnlaunastaðals. Samkvæmt nýrri íslenskri löggjöf, sem gekk í gildi í janúar 2018, eru fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri skyldug að afla sér vottunar um að launakerfi þeirra mismuni ekki kynjunum í launum. Lögin munu taka gildi að fullu í árslok 2021.

Við væntum þess að þetta nýja kerfi muni eyða launamisrétti á íslenskum vinnumarkaði og geti orðið öðrum að fyrirmynd í þessum efnum. Þess má geta að til athugunar er í öðrum norrænum ríkjum að taka upp þetta kerfi sem tæki til að eyða kynbundnum launamun í þeim löndum.

Framtíðarskipan vinnunnar er vinsælt umræðuefni nú á tímum. Margar spurningar vakna í þessu sambandi; til dæmis hvaða áhrif gervigreind og sjálfvirkni munu hafa á vinnuna. Einnig eru að koma fram annars konar form á ráðningarsamningum og vinnuskipulagi, þar með taldir tímabundnir ráðningar-samningar og fjölgun sjálfstætt starfandi.

Norrænu ríkisstjórnirnar, í nánú samstarfi við norræn samtök atvinnurekenda og launafólks, hófu árið 2017 rannsóknarverkefni sem tekur til nokkurra af framtíðar breytingum sem verða vinnumarkaðnum með það að markmiði að greina hvernig norræni vinnumarkaðurinn kunnir að líta út árið 2030. Sérfræðingar frá fimm Norðurlöndum, undir stjórn Norsku rannsóknarstofnunarinnar á sviði vinnumarkaðsmála (FAFO), munu rannsaka hvaða áhrif þær breytingar sem nú eiga sér stað í framleiðslu og á vinnumarkaði í tengslum við, meðal annars stafrænu byltinguna, lýðfræðilegar breytingar og nýjar tegundir af ráðningarsamningum, hafi á framtíðarskipan vinnumarkaðarins á Norðurlöndunum. Þáttur í verkefninu er að halda nokkrar ráðstefnur, þá fyrstu í Helsingfors árið 2016, næst í Ósló 2017 og nú í maí í Stokkhólmi. Lokaráðstefnan um framtíðarskipan vinnunnar verður haldin í Reykjavík í apríl 2019 undir yfirskriftinni „Aðlögun framtíðina þannig að hún henti öllum“. Hún verður eins konar undirbúningur afmælis Alþjóðavinnumálabingsins í júní það ár.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarverkefnisins verða grundvöllur umræðna á Norðurlöndunum um framlag þeirra til stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um viðbrögð við framtíðarviðfangsefnum á sviði félags- og vinnumála sem gert er ráð fyrir að afgreiða á afmælisþinginu árið 2019.

Ég þakka fyrir.

Fylgiskjal VI

Ræða félags- og barnamálaráðherra, Ásmundar Einars Daðasonar, við opnun ráðstefnu um framtíðarskipan vinnunnar og breytingar á vinnumarkaði sem haldin var í Hörpu 4. og 5. apríl 2019

Hr. forseti Íslands, forstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, framkvæmdastjóri skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, ráðherrar, fulltrúar alþjóðlegra og norræna samtaka aðila vinnumarkaðarins og aðrir þátttakendur.

Á árunum 1914-1918 gekk mannkynið í gegnum þann mikla hildarleik sem fyrri heimsstyrjöldin var. Samtals er áætlað að um 60 milljónir hermanna hafi tekið þátt í þeirri styrjöld sem kölluð var styrjöldin til að ljúka öllum styrjöldum. Fórarlömbin, þegar yfir lauk, voru níu milljónir hermanna og sex milljónir óbreyttra borgara. Á síðustu mánuðum stríðsins geisaði Spánarveikin. Talið er að hún hafi valdið dauða milli 50 og 100 milljóna manna. Íslendingar fóru ekki varhluta af þessum hamförum. Afkomendur Íslendinga í Kanada voru í herjum bandamanna. Aðdrættir á nauðsynjavöru urðu stórum erfiðari vegna styrjaldarinnar á meginlandi Evrópu. Spánarveikin tók sinn toll á Íslandi eins og í öðrum ríkjum.

Styrjöldinni lauk 11. nóvember 1919 og formlega með friðarsamningunum sem undirritaðir voru í Versölum 28. júní 1919. Unnið var að gerð friðarsamningsins af nefndum og ráðum. Ein nefndin hafði þó sérstöðu. Henni var komið á laggirnar að beiðni samtaka launafólks í nokkrum ríkjum til að fjalla almennt um vinnurétt. Í henni áttu ekki aðeins sæti fulltrúar ríkisstjórnna heldur einnig talsmenn atvinnurekenda og launafólks, samtals 15 manns.

Að loknu 10 vikna starfi afgreiddi vinnumálanefndin skjal sem byggt var á breskum drögum, sem 11. apríl 1919 urðu að XIII. kafla Versalasáttmálans. Í kaflanum er kveðið á um það að komið skuli á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og aðeins verði sigruð með sameiginlegu félagslegu átaki þjóðanna. Sérstaklega er tekið fram að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna sjálfra vegna þess að vísirinn að árekstrum, sem leiða til styrjalda þjóða í milli, leynist í því félagslega ranglæti sem milljónir manna búa við í hinum ýmsu löndum. Í því skyni viði stofnunin að sér upplýsingum um atvinnumál og ástand í félagsmálum, ákveði lágmarkskröfur og samræmi þær í hverju landi eftir aðstæðum þess og þörfum. Þessi kafla Versalasamningsins er kjarninn í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (International Labour Organization – ILO). Síðan er liðin ein öld.

Ég ætla ekki að fjölyrða um sögu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það verður gert af mér fróðari manni. Ég vil einungis geta þess að Norðurlöndin hafa sýnt starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá upphafi mikinn áhuga og stutt starf hennar með ýmsum hætti. Danmörk, Noregur og Svíþjóð voru meðal stofnríkjanna. Þótt Finnland væri ekki í þeim hópi tók finnsk sendinefnd þátt í fyrsta Alþjóðavinnumálaþinginu, sem haldið var í Washington í lok október 1919. Það var haldið í skugga þess að mikill baráttumaður fyrir stofnun Þjóðabandalagsins og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, Woodrow Wilson, forseti Bandaríkjanna, hafði mánuði áður fengið hjartaáfall. Með dyggum stuðningi frá Wilson og ungs manns að nafni Franklin D. Roosevelt var þingið haldið með miklum sóma.

Frá stofnun íslenska lýðveldisins hefur erlent samstarf stjórnvalda á sviði félags- og vinnumála vaxið mikið að umfangi. Þar vegur þyngst þátttaka í samstarfi Norðurlandanna og samvinna við aðildarríki Evrópuráðsins sem hófst á sjötta áratug síðustu aldar. Aðild að alþjóðlegu félagsmálasamstarfi hófst áratug fyrr, eða árið 1945,

Þegar umsókn Íslands að Alþjóðavinnuálagstofnuninni var samþykkt á Alþjóðavinnuálagningu sem haldið var í París. Stofnunin mun vera meðal fyrstu – eða jafnvel alfyrstu alþjóðlegu samtökin – sem Ísland gekk í eftir lýðveldisstofnunina árið 1944. – Ég vil nota þetta tækifæri og bjóða forstjóra stofnunarinnar, Guy Ryder, hjartanlega velkominn á ráðstefnuna. Hann er fyrsti forstjóri alþjóðavinnuálagstofnunarinnar sem heimsækir Ísland.

Þegar aldarafmæli Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar stóð fyrir dyrum barst ríkisstjórnunum aðildarríkjanna bréf, í desember 2015, frá forstjóranum, Guy Ryder. Í bréfinu var því beint til ríkisstjórna aðildarríkjanna að efna til umræðna um eftirfarandi þætti sem gætu orðið innlegg í stefnumótun fyrir starfsemi Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar í nánustu framtíð: Þróun atvinnulífsins og samfélagsins, atvinnusköpun – einnig í þágu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, breytingar á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og á samskiptum atvinnurekenda og launafólks, réttindum og skyldum sem og formi á reglusetningu o.fl. á sviði félags- og vinnumála.

Ríkisstjórnir Norðurlandanna svöruðu bréfi forstjórans í febrúar 2016 með því að upplýsa að þær hafi ákveðið að stofna til samstarfsverkefnis af þessu tilefni í samvinnu við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og samtök aðila vinnumarkaðarins. Hluti af samstarfsverkefninu yrði að halda árlegar ráðstefnur um þau viðfangsefni sem koma fram í bréfi forstjórans. Ráðstefnurnar myndu fylgja formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Fyrsta ráðstefnan var haldin í Finnlandi árið 2016, önnur í Noregi árið 2017 og sú þriðja í Svíþjóð vorið 2018. Nú er komið að lokabætti verkefnisins, sem er þessi ráðstefna sem nú er að hefjast hér í Reykjavík.

Verkefni okkar verður að brjóta til mergjar skýrslur sem teknar hafa verið saman á undanförunum misserum um viðbrögð við fyrirsjáanlegum breytingum sem verða á vinnu og vinnuumhverfi á næstu árum og áratugum. Ég vil í því sambandi nefna skýrslu heimsnefndar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar; áfangaskýrslu um sérstakt rannsóknarverkefni sem Norræna ráðherranefndin stofnaði til árið 2017. Einnig verður gerð grein fyrir athyglisverðri skýrslu nefndar á vegum danskra stjórnvalda og skýrslu nefndar á vegum íslenska forsætisráðherrans. Seinni ráðstefnudaginn munum við beina sjónum að stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum og fræðast um leiðir til að vinna að launajafnrétti og gegn kynbundnu misrétti í atvinnulífinu.

Þótt Ísland standi öðrum ríkjum framur um stöðu og þróun kynjajafnréttis hefur ekki náðst jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins og það á ekki síst við um vinnumarkaðinn. Alþjóðaeftirlitshagsráðið hefur reiknað út að á Norðurlöndunum verði jafnrétti á vinnumarkaði ekki náð fyrr en eftir um sextíu ár og eru þetta þó þær þjóðir sem framast standa í þessum efnum. Rannsóknir sýna að það er mikið þjóðhagslegt hagsmunamál að auka jafnrétti á vinnumarkaði og í atvinnulífinu. Stærstu vörðurnar á þeirri leið sem leitt hefur Ísland til forystu í jafnréttismálum hafa margar orðið til fyrir afskipti hins opinbera, oftast en ekki í góðri samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á jafnréttismál og að Ísland eigi að vera fyrirmynd um jafnréttismál þar sem hægt er að gera enn betur.

Ég vil nefna eitt atriði. Meðan á ráðstefnunni stendur verður tækifærið notað til að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, frá árinu 2006. Með fullgildingunni öðlast íslensk stjórnvöld hafnaeftirlitsmála valdheimildir til að beita fullnustuákvæðum gagnvart siglingum skipa sem uppfylla ekki alþjóðakröfur um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti áhafna kaupskipa og atvinnuréttindi þeirra. Sama tækifæri verður notað til að ganga frá fullgildingunni Svíþjóðar á samþykkt stonunarinnar nr. 189, um þjónustufólk á heimilum.

Framundan er glæsileg dagskrá og er markmið ráðstefnunnar að draga fram þætti sem við teljum eiga erindi í mótun stefnu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á næstu árum. Í gær fóru fram skoðanaskipti milli norrænu vinnuáráðherranna og forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um með hvað hætti okkar framlagi verði best komið á framfæri. Niðurstaðan er sú að beinast liggur við að það verði gert á komandi afmælisþingi stofnunarinnar í júní næstkomandi. Það er því verðugt verkefni ráðstefnunnar að búa okkur og fulltrúa okkar sem best undir 100 ára afmælisþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Ég segi ráðstefnuna hér með setta.

Fylgiskjal VII

Ræða fulltrúa ríkisstjórnar Íslands á 108. Alþjóðavinnuálagningu 2019 (Flutt 17. júní 2019 af Gylfa Kristinssyni, sérfræðingi í félagsmálaráðuneytinu)

Hr. þingforseti, forstjóri alþjóðavinnuálagningastofunnar, þingfulltrúar.

Ég flyt þessa ræðu fyrir hönd Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra Íslands. Ríkisstjórnir Norðurlandanna svöruðu bréfi forstjóra alþjóðavinnuálagningastofunnar, Guy Ryder, um væntanlegt aldarafmæli stofnunarinnar, í febrúar 2016 með því að tilkynna um verkefni sem fjallaði um framtíðarskipan vinnunnar. Verkefnið yrði unnið í samvinnu við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, Alþjóðavinnuálagningastofnunarinnar og samtök aðila vinnuálagningastofnunarinnar. Verkefnið myndi meðal annars taka til árlegs ráðstefnuhalds þar sem brotin yrðu til mergjar viðfangsefni sem gerð voru að umtalsefni í bréfi forstjórans. Fjórða og síðasta ráðstefnan í þessari ráðstefnuröð var haldin í Reykjavík, Íslandi, með þátttöku um nær 400 gesta: Norrænna vinnuálagningaráðherra, fræðimanna, fyrirlesara, embættismanna og fulltrúa aðila vinnuálagningastofnunarinnar.

Síðast en ekki síst nutu ráðstefnu gestir ræðu forstjóra alþjóðavinnuálagningastofunnar sem hóf mál sitt á eftirfarandi hátt: „Framtíðin er ekki fyrir fram mótuð fyrir okkur, ekki skrifuð í stjórnurnar. Framtíðin er mótuð af ákvörðun sem fólk tekur. Það er sá lærdómur sem við getum dregið af Norræna módelinu.“

Forstjórinn upplýsti þátttakendur um helstu niðurstöður heimsnefndarinnar um framtíðarskipan vinnunnar sem naut formennsku Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, og forseta Suður-Afríku, Cesis Ramaposa.

Nýr framkvæmdastjóri skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, Paula Lehtomäki, ávarpaði ráðstefnuna. Í ávarpinu gerði hún grein fyrir fyrstu niðurstöðum norræns rannsóknarverkefnis um framtíðarskipan vinnunnar. Samkvæmt þeim þurfa þrjár forsendur að vera til staða þannig að mæta megi á árangursríkan hátt fyrir sjáanlegum breytingum á atvinnuháttum og verklagi.

Í ljósi tæknibreytinga og græna hagkerfisins að okkur mæti krefjandi endurskipulagning hagkerfis og atvinnuhátta. Það kallar á aðgerðir og viðfangsefni á sviði símenntunar og endurmenntunar til að koma í veg fyrir misgengi sem leiðir til atvinnuleysis.

Deiliahagkerfið felur í sér ógnun við norræna velferðarsamfélagið og þess sér nú þegar stað. Það felur í sér áhrif á hlutverk atvinnurekenda og launafólks. Þetta gerist með fjölgun þeirra sem velja að starfa á eigin vegum í stað þess að vera í hefðbundnu ráðningarsambandi við atvinnurekanda. „Þetta mun hafa áhrif á ýmsa þætti Norræna módelisins,“ sagði Paula Lehtomäki.

Paula Lehtomäki lét í ljósi þá trú að Norðurlöndin í sameiningu og í samvinnu við Alþjóðavinnuálagningastofnunarinnar myndu finna viðeigandi leið fram á við. Hún bætti við að Norræna ráðherranefndin myndi vænta þess að halda áfram öflugu samstarfi við Alþjóðavinnuálagningastofnunarinnar næstu 100 árin.

Hr. forseti.

Aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni á vinnustöðum eru meðal viðfangsefna þessa þings. Þess er vænst að takast megi málamiðlun sem er ásættanleg öllum eða flestum og þinginu takist að afgreiða samþykkt og tilmæli um málefni sem ríkisstjórn mín telur mjög mikilvægt. Það myndi vera rétta svarið við #metoo hreyfingunni.

Hr. forseti.

Ég kýs að ljúka þessu ávarpi mínu á persónulegum nótum. Á þessu ári eru liðin 100 ár frá upphafi starfs Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þetta er einnig í 35. skipti sem ég sæki Alþjóðavinnumálaþingið. Þetta verður síðasta þingið sem ég sæki. Það hefur verið einstæð reynsla að fá tækifæri til að taka þátt í vinnu þessarar merku stofnunar, hitta starfsmenn hennar og þingfulltrúa og einnig að hlusta á leiðandi einstaklinga á sviði félags- og vinnumála, þjóðarleiðtoga og hugsjónafólk sem berst fyrir heimi réttlætis og jafnræðis fyrir alla. Ég kýs að nefna í þessu sambandi einn einstakling. Það er Nelson Mandela og lokaorð hans þegar hann ávarpaði 77.

Alþjóðavinnumálaþingið árið 1990. Hann sagði: „Við skulum saman ganga síðustu míluna. Við skulum saman gera að veruleika hina heillandi hugsjón um Suður-Afríku lausa við kynþáttaðskilnaðarstefnuna. Lausa við átök á milli fólks, byggð á kynþáttafordómum sem stofna friði í hættu“. Við getum nú sett heiminn í stað Suður-Afríku. Göngum saman síðustu míluna fyrir betri heimi.

Þökk fyrir áheyrnina.

Fylgiskjal VIII

Skýrsla um starf samstarfsnefndar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) á árunum 2018 og 2019

Árið 1981 fullgilti Ísland alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 144, um samstarf ríkisvalds og samtaka aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Á grundvelli tilmæla nr. 152, um framkvæmd samþykktarinnar, var skipuð 16. apríl 1982 samstarfsnefnd ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina, venjulega nefnd ILO-nefndin. Samþykktin og tilmælin endurspeglar það sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal annarra sérstofnana Sameinuðu þjóðanna. Hún er eina stofnunin þar sem fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks eiga beina aðild að stjórnun, nefndum og ráðum.

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til hafa eftirtaldir setið í nefndinni: Fulltrúi samtaka atvinnurekenda: Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur Samtaka atvinnulífsins (SA). Varamaður hennar var Bergþóra Halldórsdóttir. Hinn 13. febrúar 2018 var Kristín Þóra Harðardóttir lögfræðingur skipuð í nefndina. Varamaður hennar var skipaður Ragnar Árnason lögfræðingur. Fulltrúi samtaka launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Varamaður hans er Marianna Traustadóttir, sérfræðingur ASÍ í jafnréttismálum. Fulltrúi félags- og jafnréttismálaráðherra og jafnframt formaður nefndarinnar er Gylfi Kristinsson, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu. Varamaður hans er Eva Margrét Kristinsdóttir, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu. Varamaður í fæðingarorlofi Evu Margrétar á árinu 2017 var Melkorka Þöll Vilhjálmsdóttir.

Félags- og húsnæðismálaráðherra ákvað að bjóða Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytinu að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í nefndinni. Með bréfi 21. febrúar 2019 er ráðuneytinu tilkynnt um þá breytingu að Dagný Aradóttir Pind taki sæti Sonju Ýrar Þorbergsdóttur sem áheyrnarfulltrúi BSRB. Jafnframt að Hrannar Már Bjarnason verði varamaður hennar í stað Kristins Bjarnasonar. Sameiginlegur áheyrnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytisins var Inga Rún Ólafsdóttir. Varamaður hennar var Krístrún Einarsdóttir. Í stað þeirra voru skipaðar 16. október 2019 Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem áheyrnarfulltrúi, og varamaður hennar Sara Lind Guðbergsdóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Verkefni nefndarinnar beinast fyrst og fremst að málefnum sem tengjast samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina vegna aðildar að stofnuninni. Árið 2018 hélt nefndin samtals fjóra fundi og sjö fundi árið 2019. Helstu viðfangsefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

Málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar

a. Skýrslur um framkvæmd á fullgiltum alþjóðasamþykktum á sviði félags- og vinnumála.

Í 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um þá skyldu aðildarríkja að gefa stofnuninni skýrslu um framkvæmd alþjóðasamþykktarinnar sem þau hafa fullgilt. Skýrslur skulu teknar saman á tveggja ára fresti um framkvæmd á grundvallarsamþykktunum en yfirleitt voru skýrslutímabilin fjögur ár að því er varðar aðrar samþykktir ILO. Þessu hefur verið breytt þannig að tímabilin hafa verið lengd um eitt ár fyrir hvorn flokk. Umfang skýrslanna er mjög mismunandi. Í sumum tilvikum er nægilegt að vísa til fyrri skýrslna. Í öðrum tilvikum er um að ræða margra

síðna skýrslur, einkum ef sérfræðinganefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur beint spurningum til stjórnvalda um tiltekin atriði.

Á því tveggja ára tímabili sem þessi skýrsla tekur til, undirbjó ILO-nefndin skýrslur ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykktar sem Ísland hefur fullgilt: Nr. 29, um afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu (fullgilding 17. febrúar 1958).

- b. Nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf (17. febrúar 1958).
- c. Nr. 105, um afnám nauðungarvinnu (29. nóvember 1958).
- d. Nr. 111, um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs (29. júlí 1963).
- e. Nr. 122, um stefnu í atvinnumálum (22. júní 1990).
- f. Nr. 138, um lágmarksaldur til vinnu (6. desember 1999).
- g. Nr. 144, um samráð við framkvæmd á alþjóðlegum reglum á sviði félags- og vinnumála (30. júní 1981).
- h. Nr. 156, um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð (22. júní 2000).
- Nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd (22. júní 2000).

b. Framkvæmd ófullgiltrar samþykktar og tilmæla.

Með stoð í 19. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar getur stjórnarnefnd óskað eftir því við aðildarríkin að þau taki saman og sendi stofnuninni skýrslur um framkvæmd á efni samþykktar sem þau hafa ekki fullgilt. Þessari heimild er beitt reglulega og er tilgangurinn að vekja athygli á umræddri samþykkt og hvetja aðildarríkin til að taka fullgildinguna hennar til athugunar.

Velferðarráðuneytinu barst erindi frá skrifstofu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 16. ágúst 2018 þar sem óskað er eftir að íslensk stjórnvöld gefi skýrslu um framkvæmd á samþykktum stofnunarinnar sem Ísland hefur ekki fullgilt. Markmiðið er að hvetja aðildarríkin til að bera saman lagaumhverfi við efni samþykktanna. Þess er vænst að samanburðurinn stuðli að fjölgun fullgildinga á hlutaðeigandi samþykktum. Óskað var eftir skýrslum um eftirtaldar samþykktir og tilmæli:

- a. Samþykkt nr. 122, um stefnu í vinnumálum.
- b. Samþykkt nr. 159, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.
- c. Samþykkt nr. 177, um heimastörf.
- d. Tilmæli nr. 168, um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.
- e. Tilmæli nr. 169, um viðbótarákvæði við samþykkt um stefnu í vinnumálum.
- f. Tilmæli nr. 184, um heimastörf.
- g. Tilmæli nr. 198, um ráðningarsamband.
- h. Tilmæli nr. 204, um umskipti frá óformlega hagkerfinu til hins formlega.

Þess var farið á leit að alþjóðavinnumálastofnanin í Genf sendi skýrsluform sem Word-skjal sem hægt yrði að fylla út í. Þrátt fyrir nokkur bréfaskipti tókst ekki að fá ógallað skýrsluform. Málið dróst á langinn og þegar til kom fór allur tími samráðsnefndarinnar í undirbúning ráðstefnunnar um framtíðarskipan vinnunnar, sem haldin var í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar 4. og 5. apríl í Hörpu.

Þess má geta að af framangreindum gerðum hefur Ísland fullgilt samþykktir 122 og 159 og ekki þurft að svara spurningum um framkvæmd þeirra.

c. Undirbúningur fyrir og þátttaka í Alþjóðavinnumálaþinginu.

Á því tímabili sem þessi skýrsla tekur til, voru 107. og 108. Alþjóðavinnumálaþingin haldin á árunum 2018 og 2019. ILO-nefndin fjallaði um þau málefni sem voru til

umfjöllunar á þingunum. Töluverðar umræður áttu sér stað á vettvangi nefndarinnar um tillögu að samþykkt og tilmælum um aðgerðir gegn ofbeldi og einelti á vinnustöðum. Nánari grein er gerð fyrir framvindu þessara tveggja þinga í skýrslu félags- og jafnréttismálaráðherra til Alþingis hér að framan.

d. Fullgilding alþjóðasamþykta.

Samþykkt nr. 187, um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu

Á því tímabili sem skýrsla þessi tekur til hefur ILO-nefndin fjallað ítarlega um fullgildingu Íslands á samþykkt nr. 187, um að efla öryggi og heilbrigði við vinnu, frá árinu 2006. Ágreiningur var á milli fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um gildissvið samþykktarinnar og hvort íslenskt lagaumhverfi uppfylli körfur sem hún gerir. Í því skyni að fá botn í málið var haldinn fundur með starfsmönnum alþjóðavinnuáskrifstofunnar í Genf 16. júní 2017. Niðurstaða fundarins var að kröfur samkvæmt samþykkt nr. 187 eru ekki umfram þær sem felast í samþykkt nr. 155, um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi, sem Ísland fullgilti árið 1991. Fram kom það mat starfsmanna alþjóðavinnuáskrifstofunnar að þar sem Ísland uppfylli skilyrði þeirrar samþykktar, myndi það uppfylla skilyrði ILO samþykktar nr. 187 án sérstakra breytinga. Á grundvelli þessara upplýsinga afhenti félags- og jafnréttisráðherra, Ásmundur Einar Daðason, forstjóra Alþjóðavinnuáskrifstofunnar, Guy Ryder, skjal til staðfestingar fullgildingu Íslands á samþykkt nr. 187 hinn 1. júní 2018.

Samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna

Samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, hefur á sl. áratug verið af og til á dagskrá ILO-nefndarinnar. Um hana hefur einnig verið fjallað í sérstökum vinnuhópi samgönguráðuneytisins/innanríkisráðuneytisins. Í ljós kom að íslenskt laga- og reglugerðarumhverfi var ekki í samræmi við þær skuldbindingar sem felast í samþykktinni. Á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins var brugðist við með samningu frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna alþjóðasamþykktar um vinnuskilyrði farmanna. Frumvarpið varð að lögum nr. 82/2018. Vísað er til greinargerðar frumvarpsins um nánari upplýsingar um efnisatriði samþykktarinnar. Með lögum var ýtt úr vegi hindrunum sem áður voru taldar koma í veg fyrir fullgildingu samþykktarinnar. Aðilar sem hafa komið að undirbúningi málsins mæltu með því að Ísland fullgildi samþykktina.

Þess skal getið að með alþjóðasamþykkt nr. 186 var að ýmsu leyti farið inn á nýjar brautir. Eldri samþykktir Alþjóðavinnuáskrifstofunnar hafa byggst á aðfaraorðum, meginmáli og niðurlagsákvæðum um fullgildingu, endurskoðun og uppsögn. Samþykkt nr. 186 skiptist í aðfaraorð en í þrjá ólíka, en þó innbyrðis tengda hluta: Efnisgreinar, reglur og kóða. Hann samanstendur af skuldbindingandi (A) viðmiðunum og (B) leiðbeiningarreglum. Ríki sem fullgildir samþykktina er skuldbundið af ákvæðum í efnisgreinunum, reglum og A-hluta kóðanna, þ.e. af viðmiðunum. Einu skuldbindingarnar sem aðildarríki ber samkvæmt leiðbeiningarreglunum er að kanna að hvaða marki það vill eða treystir sér til að fara eftir þeim við framkvæmd á ákvæðum í efnisgreinum, reglum og viðmiðunum. Aðildarríki hefur þannig val um að grípa til annarra aðgerða en felast í leiðbeiningarreglunum til að hrinda í framkvæmd efnisgreinum, reglum og viðmiðunum, svo fremi sem efni þeirra er virt. Aðildarríki sem kys að fara aðrar leiðir við framkvæmdina þarf, ef nauðsyn krefur, að sýna fram á að þær gefi hliðstæða niðurstöðu og ef farið hefði verið eftir ákvæðum leiðbeiningarreglnanna. Nánar er fjallað um þetta efni í skýringum við reglur og kóðana. Þar kemur fram að texti

samþykktarinnar verði sveigjanlegri á tvennan hátt: Í fyrsta lagi með því að uppfylla kröfur í A-hluta á jafngildan hátt eins og þær eru skilgreindar í grein VI. Í öðru lagi eru notaðar almennar skilgreiningar í A-hlutanum sem skapa svigrúm til að taka tillit til séraðstæðna í hlutaðeigandi aðildarríki. Í þeim tilvikum er að finna leiðbeiningar um framkvæmd í B-hlutanum sem er óskuldbindandi.

Félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, afhenti forstjóra Alþjóðavinnuárástofnunarinnar skjal til staðfestingar fullgildingu Íslands á samþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, við hátíðlega athöfn í Hörpu 4. apríl 2019.

Umræður og undirbúningur fyrir fullgildingu annarra samþykkt

a. Samþykkt nr. 188, um vinnu við fiskveiðar.

ILO-nefndin hefur með sama hætti og varðandi samþykkt nr. 186 fjallað um fullgildingu samþykktar nr. 188, um vinnu við fiskveiðar. Í ljós kom að forsenda fullgildingar væru tilteknar laga- og reglugerðarbreytingar. Að þeim hefur verið unnið af starfsfólki samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Í byrjun september 2019 birti ráðuneytið drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna ákvæða í samþykkt nr. 188. Gert er ráð fyrir að frumvarp um þetta efni verði lagt fram á Alþingi á yfirstandandi þingi, þ.e. veturinn 2019-20.

b. Samþykkt nr. 190, um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni.

109. Alþjóðavinnuárástingið 2019 afgreiddi samþykkt nr. 190, um aðgerðir gegn ofbeldi og einelti, og tilmæli nr. 206, um sama efni. Félags- og barnamálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, fól nefndinni að kanna kosti þess að Ísland yrði í hópi þeirra þjóða sem fyrstar myndu fullgilda samþykktina. Nefndin hefur fjallað um íslenska þýðingu samþykktarinnar og tilmælanna. Hún hefur undirbúið tillögu um fullgildingu sem birt var í Samráðsgátt stjórnvalda 17. október 2019. Frestur til að koma á framfæri umsögn um tillöguna rann út 11. nóvember 2019. Umsagnir bárust frá helstu samtökum á vinnumarkaði sem mæltu með fullgildingu.

Nefndarmenn skiptust á skoðunum um það hvort íslenskt lagaumhverfi uppfylli kröfur samþykktarinnar. Skoðun nefndarmanna var sú að fullgilding kalli líklega á laga- og/eða reglugerðarbreytingar. Nefndar voru aðstæður þeirra sem vinna um borð í skipum og loftförum. Ekki séu í gildi, að því er virðist, lög eða reglugerðir sem verndi starfsmenn þar gegn áreitni og ofbeldi. Einnig voru önnur atriði rædd. Þar af leiðandi sé rétt að leggja til við ráðherra að lögð verði fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda samþykkt nr. 190.

c. Fullgilding annarra samþykkt.

Auk framangreindra samþykkt hafa verið á dagskrá nefndarinnar spurningin um fullgildingu samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um vinnutíma og nr. 189, um þjónustufólk á heimilum. Niðurstaða af umfjöllun nefndarinnar um fullgildingu þessara samþykkt liggur ekki fyrir.

Skýrslur um Alþjóðavinnuárásting og samþykktir Alþjóðavinnuárástofnunarinnar í íslenski þýðingu

Nefndin fjallaði á tímabilinu um tillögu frá Ragnari Aðalsteinssyni lögmanni um að íslenskar þýðingar á samþykktum Alþjóðavinnuárástofnunarinnar verði gefnar út í bókarformi eða dregnar rafrænt saman og gerðar þannig aðgengilegri en nú er. Þessari tillögu hefur verið hrundið í framkvæmd. Þýðingar á samþykktum Alþjóðavinnuárástofnunarinnar frá og með árinu 1946 voru gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsamálaráðuneytisins 26. september 2019. Sama gildir um skýrslur

ráðherra til Alþingis um Alþjóðavinnumálalöpingið. Slóðirnar að samþykktunum og skýrslunum eru:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/vinnuamal/althjodlegt-samstarf-althjodavinnuamalistofnunin/samthykkir-ilo/>

og

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/vinnuamal/althjodlegt-samstarf-althjodavinnuamalistofnunin/skyrslur-radherra/>

e. Skýrsla félags- og jafnréttismálaráðherra til Alþingis um 105. og 106.

Alþjóðavinnumálalöpingið í Genf 2016-2017.

Aðild að Alþjóðavinnuamalistofnuninni fylgir sú skylda að kynna löggjafarsamkomu þær samþykktir sem Alþjóðavinnuamálalöpingin afgreiða. Á Íslandi er þetta ákvæði uppfyllt með þeim hætti að hlutaðeigandi ráðherra gefur Alþingi skýrslu um Alþjóðavinnuamálalöpingin. Í skýrslunum eru birtar, í íslenski þýðingu, þær samþykktir, tilmæli og ályktanir sem þingin afgreiða. Á árinu 2018 var haft samráð við ILO-nefndina um skýrslur félags- og jafnréttismálaráðherra um Alþjóðavinnuamálalöpingin sem haldin voru á árunum 2016 og 2017. Skýrslan var lögð fyrir Alþingi 20. mars 2018.

Helsta viðfangsefni 105. Alþjóðavinnuamálalöpingisins árið 2016 var umræða um það sem á íslensku er nefnt hnattrænar aðfangakeðjur. Með einföldun má segja að þetta fyrirbrigði sé afsprengi hnattvæðingar efnahags- og fjármáلالífs sem hefur leitt af sér ýmsar breytingar á framleiðsluáttum. Hefðbundin framleiðsla byggir á því að íhlutir og fullbúin vara verður til í einu og sama landinu. Á undanföllum árum og áratugum hefur það færst í vöxt að íhlutir vöru eru framleiddir í fjölmörgum löndum og settir saman að lokum í einu landi sem telst framleiðsluland hennar. Einkennandi fyrir svæðin þar sem framleiðslan fer fram eru lág laun, slæmar vinnuáðstæður, langur vinnutími, barnaprælkun og jafnvel nauðungarvinna. Fylgifiskarnir eru skattaundanskot og spilling af ýmsu tagi. Virðing fyrir lágmarks mannréttindum er takmörkuð, ef nokkur. Ekki þarf að hafa mörg orð um félagsafrelsi eða samningafrelsi í þessu sambandi. Alþjóðavinnuamálalöpingið afgreiddi niðurstöður sem eru leiðbeinandi fyrir áframhaldandi vinnu alþjóðavinnuamálaskrifstofunnar og ríkisstjórna við þetta viðfangsefni. Í þeim er því beint til alþjóðavinnuamálaskrifstofunnar að leggja drög að áætlun um bætt vinnuskilyrði í hnattrænum aðfangakeðjum þar sem byggt sé á samvinnu, samhæfingu og samræmdum aðgerðum með hlutaðeigandi aðilum og alþjóðlegum samtökum. Lagt er til að Alþjóðavinnuamála-stofnunin beiti sér við fyrstu hentugleika fyrir fundi sérfræðinga þar sem tekið verði til umræðu hvaða viðbótaraðgerða sé þörf til þess að ná meginmarkmiðinu um mannsæmandi vinnuskilyrði á þessu sviði atvinnulífsins.

Breytingar á alþjóðasamþykkt nr. 186, um vinnuskilyrði farmanna, var annað mikilvægt málefni sem tekið var til afgreiðslu á 105. Alþjóðavinnuamálalöpinginu. Þessar breytingar hafa að markmiði að tryggja að farmenn á skipum, sem rænt er af sjóræningjum, fái greidd laun. Þessi vandi hefur verið að stinga upp kollinum, einkum að því er varðar skip sem sigla undan ströndum Sómalíu. Tækifærið var einnig notað til að gera minniháttar breytingar á samþykkt nr. 185, um persónuskírteini sjómanna.

Áhugavert dagskrármál á 106. Alþjóðavinnuamálalöpinginu árið 2017 voru vinnuskilyrði farandlaunafólks. Á þinginu kom fram að um 140 milljónir manna teljist til þessa sístækkandi hóps. Ástæðurnar eru margvíslegar. Nefnd voru aukin umsvif starfsmannaleiga og útsending starfsmanna til tímabundinna verkefna. Í niðurstöðum þingsins er lögð rík áhersla á góða stjórn þessara mála. Slæm stjórn getur á hinn bóginn valdið ýmsum hættum og vandamálum. Þær helstu felast í óviðunandi

vinnuaðstæðum, óöryggi, óformlegheitum, spekileka, uppfloknun, vinnu barna, skuldafjötrum, nauðungarvinnu, mansali og ýmsu fleiru sem grefur undan mannlegri reisu í atvinnulífínu. Í sumum tilvikum eru afleiðingarnar mjög alvarlegar, svo sem kynþáttafordómar, útlendingafjandskapur og mismunun, ranghugmyndir og staðreyndavillur.

f. Aldarafmæli Alþjóðavinnuálastofnunarinnar árið 2019.

Á skýrslutímabilinu hefur ILO-nefndin fjallað um undirbúning fyrir 100 ára afmæli Alþjóðavinnuálastofnunarinnar árið 2019. Áður hefur komið fram að stofnunin hefur að þessu tilefni hleypt af stokkunum verkefni sem beinist að eftirfarandi þáttum:

- Þróun atvinnulífsins og samfélagsins,
- atvinnusköpun – einnig í þágu þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði,
- breytingum á skipulagi vinnunnar vegna nýrrar tækni og
- tengslum atvinnurekenda og launafólks, réttindum og skyldum, formi á

reglusetningu o.fl.

Ríkisstjórnir aðildarríkjanna hafa, í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins og önnur hlutaðeigandi samtök, verið hvattar til þess að efna innanlands til umræðna um framangreinda þætti. Þær umræður geti síðan orðið innlegg í umfjöllun á Alþjóðavinnuálagningu á afmælisárinu 2019.

Hlutaðeigandi norræn ráðuneyti ákváðu að vinna sameiginlega að þeim verkefnum sem fjallað er um í bréfi forstjórans. Norræna samstarfsverkefnið miðar að því að draga saman efni úr norrænum rannsóknum og setja það í búning sem geti orðið Alþjóðavinnuálastofnuninni og aðildarríkjum hennar að liði við framtíðarstefnumótun í félags- og vinnuálagum. Haldnar voru fjórar árlegar ráðstefnur þar sem sjónum var beint að afmörkuðum sviðum félags- og vinnuálag í samræmi við þær línur sem lagðar voru af Alþjóðavinnuálastofnuninni. Fyrsta ráðstefnan var haldin í september 2016 í Finnlandi, sú næsta í maí 2017 í Noregi. Þriðja ráðstefnan var haldin í maí 2018 í Svíþjóð. Það féll í hlut Íslands að halda lokaráðstefnuna. Hún var haldin í Hörpu dagana 4. og 5. apríl 2019 og þótti takast með miklum ágætum, hvort sem litið var til þátttöku eða erinda sem þar voru flutt.

Það varð að ráði að skipa sérstaka nefnd til að undirbúa afmælisráðstefnuna. Í henni áttu sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins. Auk þess áttu sæti í samstarfsnefndinni hlutaðeigandi sérfræðingar velferðarráðuneytisins. Nefndinni var falið að eiga samráð við stofnanir ráðuneytisins sem fjalla um málefni vinnumarkaðarins með einum eða öðrum hætti eins og Vinnuálastofnun, Vinnueftirlit ríkisins og Jafnréttisstofu en málefni hennar fluttust til forsætisráðuneytisins 1. janúar 2019. Hlutverk nefndarinnar var að móta skipulag og dagskrá afmælisráðstefnunnar í samvinnu við norræna samstarfsaðila sem fjalla um málefni ILO, skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar, Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, samtök á vinnumarkaði og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Nefndin hélt samtals 21 bókaðan fund.

Annað

a. Íslendingur tekur sæti í stjórnarnefnd alþjóðavinnuálagskrifstofunnar.

Í stjórnarnefnd alþjóðavinnuálagskrifstofunnar í Genf sitja 56 fulltrúar. Af þeim eru 28 fulltrúar ríkisstjórna, 14 eru fulltrúar atvinnurekenda og 14 fulltrúar launafólks. Helstu iðnríki heimsins tilnefna 10 fulltrúa af þeim 28 fulltrúum ríkisstjórna. Auk aðalfulltrúa sitja varafulltrúar fundi stjórnarnefndarinnar með málfrelsi en án

atkvæðisréttar. Þetta gildir ekki um fulltrúa aðaliðnríkjanna sem eiga sér ekki varafulltrúa í nefndinni. Stjórnarnefndin ákveður dagskrá Alþjóðavinnuálagingsins og tekur til umfjöllunar allar tillögur um dagskrármál sem kunna að vera borin fram af aðildarríkjum eða til þess bærum samtökum. Þeim sögulegu tímamótum var fagnað á 318. fundi ILO-nefndarinnar að Íslendingur myndi í fyrsta skipti taka sæti í stjórnarnefndinni. Það var Magnús M. Norðdahl, sem skipar sveit fulltrúa launafólks í nefndinni. Magnús sat sinn fyrsta fund í stjórnarnefndinni í mars 2019.

b. Heimsókn forstjóra ILO til Íslands.

Forstjóri alþjóðavinnuálagingsstofunnar í Genf, Guy Ryder, þekktist boð félagsmálaráðherra um að ávarpa afmælisráðstefnuna í tilefni af aldarafmæli Alþjóðavinnuálagingsstofunnarinnar, en ráðstefnan var haldin í Hörpu dagana 4. og 5. apríl 2019 undir yfirskriftinni: „Framtíðarskipan vinnunnar og breytingar á vinnumarkaði“. Hann varð þar með fyrsti forstjóri ILO til að sækja Ísland heim. Forstjórinn óskaði eftir því að nýta tækifærið og hitta meðal annars forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesson, og forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, og gekk það eftir. Einnig lét hann í ljósi ósk um að eiga fund með fulltrúum helstu samtaka aðila vinnumarkaðarins á Íslandi. Fundurinn var haldinn 3. apríl 2019 í húsakynnum Ríkissáttasemjara. Sama dag varð Guy Ryder fyrsti forstjóri ILO til að taka þátt í fundi norrænna vinnumálaráðherra sem haldinn var í Þjóðmenningarhúsinu. ILO-nefndin átti veg og vanda að því að móta dagskrá þessarar heimsóknar forstjórans.

Fylgiskjal IX

Fulltrúar Íslands á Alþjóðavinnumálaþingunum 1945-2019

Samkvæmt 3. gr. 1. tölul. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skal allsherjarþing fulltrúa aðildarríkjanna koma saman til fundar þegar þörf krefur, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Tekið er fram að þar eigi sæti fjórir fulltrúar frá hverju ríki. Tveir skulu vera fulltrúar hlutaðeigandi ríkisstjórnar og annar hinna tveggja fulltrúi atvinnurekenda en hinn fulltrúi launafólks. Hin síðari ár hefur Alþjóðavinnumálaþingið undantekningarlaust komið saman í Genf í Sviss. Þingið stóð í u.þ.b. þrjár vikur. Frá og með 81. þinginu árið 1994 var formlegur hluti þingsins stytur um fimm daga. Þess í stað hefur einum til tveimur dögum fyrir þingsetningu verið varið til óformlegra undirbúningsfunda. Á nokkurra ára fresti eru haldin aukapeningar sem hafa verið helguð málefnum skipverja.

Í 3. gr. 2. tölul. stofnskrárinnar kemur fram að hver fulltrúi getur haft með sér ráðgjafa en þeir mega ekki vera fleiri en tveir um hvert málefni sem er á dagskrá þingsins. Með fullgildingu stofnskrárinnar skuldbindur aðildarríki sig til þess að skipa fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd til þátttöku í Alþjóðavinnumálaþinginu í samráði við helstu samtök atvinnurekenda og launafólks, sbr. 3. gr. 5. tölul. Við skipun fulltrúa aðila vinnumarkaðarins í sendinefnd Íslands hefur frá upphafi verið haft samráð við Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Vinnuveitendasamband Íslands en frá árinu 2001 Samtök atvinnulífsins (SA). Embættismenn úr félagsmálaráðuneytinu/velferðarráðuneytinu/félagsmálaráðuneytinu (frá 1. janúar 2011 – breytt aftur 1. janúar 2019) (FEL/VEL/FRN), samgönguráðuneytinu (SAM) og utanríkisráðuneytinu (UTN) hafa verið fulltrúar ríkisstjórnarinnar í nefndinni.

Hér á eftir fer skrá yfir þátttöku af hálfu Íslands í Alþjóðavinnumálaþinginu. Skráin hefst árið 1945 þegar aðild Íslands að Alþjóðavinnumálastofnuninni var samþykkt á 27. þinginu í París og lýkur með upptalningu á þingfulltrúum sem sóttu 106. þingið 2017. Bent skal á að þótt hér sé um að ræða tæmandi skrá yfir íslenska þingfulltrúa gildir ekki það sama um félagsmálaráðherra. Einungis er getið þeirra ráðherra sem hafa sent fulltrúa til þingsins. Rétt er einnig að benda á að árið 1970 var stofnuð fastanefnd Íslands í Genf. Þeir fulltrúar utanríkisráðuneytisins, sem hafa sótt þingið frá þeim tíma, hafa í öllum tilvikum verið starfsmenn fastanefndarinnar. Loks er rétt að vekja athygli á því að nokkur undanfarin ár hafa fulltrúar samtaka aðila vinnumarkaðarins skipt með sér þátttöku á þinginu þannig að varamaður hefur leyst aðalmann af hólmi þegar u.þ.b. helmingur þingtímans hefur verið liðinn.

Ráðherra:	Alþjóðavinnumálaþing:	Fulltrúar:
Finnur Jónsson	27. þing, París 1945	Þórhallur Ásgeirsson (UTN)
félagsmálaráðherra	29. þing, Montreal 1946	Thor Thors (UTN)
17. sept. 1946–		Þórhallur Ásgeirsson (UTN)
4. febrúar 1947		Kjartan Thors (VSÍ)
		Pétur G. Guðmundsson (ASÍ)
Stefán Jóh. Stefánsson	30. þing, Genf 1947	Finnur Jónsson (FEL)
félagsmálaráðherra		Jónas Guðmundsson (FEL)
1947–1949		Benedikt Gröndal (VSÍ)
		Björn Bjarnason (ASÍ)
	31. þing, San Francisco	Jónas Guðmundsson (FEL)

	1948	Jón S. Ólafsson (FEL)
Ólafur Thors félagsmálaráðherra 1949–1950	32. þing, Genf 1949	Jónas Guðmundsson (FEL) Jón S. Ólafsson (FEL) Sigurður Jónsson (VSÍ) Magnús Ástmarsson (ASÍ)
Steingrímur Steinþórsson félagsmálaráðherra 1950–1956	33. þing, Genf 1950	Jónas Guðmundsson (FEL) Haraldur Kröyer (UTN)
